



THE **Lion**

Blað nr. 227

ÍSLENSK ÚTGÁFA



We Serve

Nóvember / desember 2004

*Gledileg
jól!*

Út við himinbláu bláu bláu bláu sundin ...



*Stjórn Lionshreyfingarinnar óskar Lionsfólki
og landsmönnum öllum gleðilegra jóla og farsældar á komandi árum*



Nóvember / desember 2004 Blað nr. 227
THE LION IN ICELANDIC
FJÖLUMDÆMI 109
Multiple District 109 Iceland

Opinbert málagn Lions Clubs International, gefið út í umboði alþjóðastjórnar Lions á tuttugu tungumálum: dönsku, ensku, farski, finnsku, flæmsku, frönsku, grísku, holensku, íslensku, ítölsku, japönsku, kínversku, kóresku, norsku, portúgölsku, spænsku, sænsku, tælensku, tyrknensku og þýsku. Þrjátíu Lionsblöð eru gefin út í heiminum.

Útgefandi THE LION á íslensku:
FJÖLUMDÆMI 109

Tímaritið the Lion kemur út sex sinnum á ári.

Lionssskrifstofan, Sóltúni 20, 105 Reykjavík
er opin frá kl. 12.00 til 15.00
Sími 561 3122
Fax: 561 5122
e-mail / netfang: lions@lions.is
Heimasíða Lions: lions.is

Ritstjóri:

Ólafur Briem
Grundarlandi 22, 108 Reykjavík,
Sími: 561 3122, netfang: lions@lions.is

Setning, umbrot, prentun:

Prentsmiðjan Gutenberg hf.
Síðumúla 16, 108 Reykjavík

Umsjón auglýsinga: í blað 225 - Lk. Njörður
í blað 226 - Lk. Fjörgyn
í blað 227 - Lk. Eir

FJÖLUMDÆMISRÁÐ FJÖLUMDÆMIS 109 Starfsárið 2004-2005

Pórunn Gestsdóttir, fjölumdæmisstjóri
Geir Hauksson, umdæmisstjóri 109 A
Stefán Skarphéðinsson, umdæmisstjóri 109 B
Arni Stefán Guðnason, fjölumdæmisgjaldkeri
Örn Gunnarsson, fjölumdæmisritari og netstjóri
Kristinn Hannesson, unglingskviptastjóri
Hrund Hjaltadóttir, fræðslustjóri
Margrét Jónsdóttir, félaganefndarstjóri
Einar Þórðarson, félagastjóri
Jón Bjarni Þorsteinsson, alþjóðasamskiptastjóri og fv.
Alþjóðastjórnarmaður
Halldór Kristjánsson, kynningarstjóri
Þórólfur Árnason, LCIFstjóri
Edda J. Briem, Lionsleiðsögumaður
Þórhildur Gunnarsdóttir, Lions-Queststjóri
Magnús B. Einarson, MedicAlertstjóri
Jón Eyjólfur Jónsson, menningarstjóri

Magnús Steingrímsson, mynja og skjalavörður
Þór Steinarrson, NSR/AU samstarfsnefndarmaður
Norðurlanda
Ólafur Briem, protokolstjóri og ritstjóri Lionsblaðsins
Guðmundur Bjarnason, sjónverndar- og heilbrigðisstjóri
Sigrún Steinsdóttir, umhverfisstjóri
Pálmi Hannesson, útbreiðslustjóri
Laufey Jóhannsdóttir, útbreiðslustjóri kvenna
Guðmundur Finnþogason, verkefnastjóri
Hörður Sigurjónsson, þingstjóri
Guðmundur Rafnar Valtýsson, varaumdæmisstjóri 109 A
Valdimar Þorvaldsson, varaumdæmisstjóri 109 B
Björn Guðmundsson, fv. alþjóðastjórnarmaður

Frankvæmdastjórn Lionsshreyfingarinnar 2004-2005:
International President Clement Kusiak, Maryland, USA.
Immediate Past President Dr. Tae-Sup Lee, Seoul, Republic of Korea.
First Vice President Ashok Mehta, Mumbai, India.
Second Vice President Jimmy Ross, Quitaque, Texas, USA.

Alþjóðastjórnarmenn 2004-2005:

Lowell J. Bonds, Hoover, Alabama, USA.
Gary L. Brown, Urbana, Ohio, USA.
Vara Prasad Chigurupati, Vijayawada, Andhra Pradesh, India.
Jules Coté, Shelburne, Vermont, USA.
Hans Ulrich Dätwyler, Schattdorf, Uri, Switzerland.
Nelson Diez Perez, Asuncion, Paraguay.
Asoka de Z. Gunasekera, Nugegoda, Sri Lanka.
Randy L. Heitmann, Cambridge, Nebraska, USA.
Erkki J.J. Laine, Espoo, Finland.
E. Robert Lastinger, Wesley Chapel, Florida, USA.
Howard Lee, Farnham, England.
Dr. Gen Okubo, Nagasaki, Japan.
William R. „W.R.“ O'Riley, Maryville, Missouri, USA.
James Sherry, Sackville, Nova Scotia, Canada.
Dr. Wing-Kun Tam, Hong Kong, China.
Gary Tschache, Bozeman, Montana, USA.
Walter R. „Bud“ Wahl, Streator, Illinois, USA.
Luis Alfredo Almansa.
William E. „Bill“ Anderson, Hanover, Pennsylvania, USA.
Sebastiao Braga, Belo Horizonte, Brazil.
Richard P. Chaffin, Forest, Virginia, USA.
Bill Crawford, Encinitas, California, USA.
Clifford (Cliff) S.A. Heywood, North Shore City, New Zealand.
Jan A. Holtet, Rasta, Norway.
Dr. Miki Ishibashi, Otaru, Japan.
Somsakdi Lovitsh, Bangkok, Thailand.
Sergio Maggi, Bari, Italy.
Don Reese, Eunice, New Mexico, USA.
G. Durwand „Dur“ Robertson.
Maynard Ruchks, Minnesota, USA.
A.P. Singh, Kolkata, India.
Kee-Jung Woo, Kyung San, Republic of Korea.
Ernest „Ernie“ Young, jr., Lansing, Kansas, USA.



Ritstjórapistill

Menningargildi ferðalaga

Menningarstjóri Lionsshreyfingarinnar, Jón Eyjólfur Jónsson hefur haldið því fram að ferðalög séu menning. Sé svo þá er þetta blað yfirfullt af menningu. Eins og sjá má þá hafa Lionsfélagar verið duglegir að hleypa heimdraganum og gert víðreist innanlands og utan. Þótt ferðalög þau sem sagt er frá hafi í flestu verið afar menningarleg þá hef ég nú samt velt því fyrir mér hvort ferðalög þurfi ekki að vera af sérstökum toga til að kallast menning.

Þegar ég útskrifaðist úr Verzlunarskólanum fyrir rúmri hálfri öld var látið nægja að fara í skólaferðalag á Snæfellsnes. Ekki man ég nú til þess að við skólasytkinin færum þessa ferð með miklu menningarlegu hugarfari. Skömmu seinna létu útskriftarargangar sig ekki muna um að fara á sólarströnd eftir útskrift og nú er svo komið að helgarferðir til Glasgow, Edinborgar og Prag eru orðnar svo algengar að varla tekur að minnast á þær.

Ef draga á ferðalög í dilka má ef til vill geta sér þess til að ferðalög sem hafa á dagskrá sinni skoðunarferðir innanlands eða utan sem þannig auka á fróðleik ferðalanganna gætu heyrt til menningar en hvað um sól-arlандаferðir?

Í fræðibókum má lesa að menning sé þroski mannlegra eiginleika mannsins og að menn geti orðið, t.d. fyrir erlendum menningarhrifum sem sagt af menningarhefðum í því landi sem sótt er heim. Nú er ég ekki að segja að maður geti ekki orðið fyrir menningarhrifum við það að

ganga innan um hundruð hálfnaktra kroppa á sólarströnd, en þegar maður hefur áður afmarkað menningarhugarfóstur sitt við bókmenntir, málalist, leiklist, tónverk og höggmyndalist, svo nokkuð sé nefnt, þá er dálitið erfitt að koma sér út fyrir tungarðinn og berja augum annars lags veröld sem sjálf sagð á líka heima innan völunderhúss menningarinnar.

Þannig má ef til vill heimfæra öll ferðalög upp á menningu því aldrei er það svo að þær vikki ekki sjóndeildarhring þeirra sem í þau fara. Nú gengur hins vegar senn í garð sá tími sem fólk sinnir sinni heimilismenningu, nýtur helst samveru með þeim sem þeim þykir vænst um og hugsar til þeirra sem fjarri eru. Sem betur fer hlífðu útvarpsstöðvar, utan ein, okkur við jólalögum til fyrsta desember svo þau verða velkomin þegar þau koma.

Lögin þau eru vissulega hluti af okkar jólamenningu. Sama má segja um jólasveinana, hvort sem þeir eru nú þrettán eða einn og átta. Einhver sagði mér um daginn að það væri líka einkenni okkar jólamenningar að hvergi nema hér á landi settu börnin skóinn í gluggann.

Um leið og ég óska greinarhöfundum, Lionsfélögum og öðrum lesendum blaðsins gleðilegra jóla og farsæls komandi árs vona ég að þeir fái notið þeirra margháttaðu menningar sem í boði verður um jólin og á árinu sem í hönd fer, innanlands sem utan, ekki síðst þeirrar sem við fyrstu sýn kann að virðast fyrir utan tungarðinn.

Fundartímar Lionsklúbba á Stór-Reykjavíkursvæðinu

Nafn klúbbs:	Fundardagar:	Fundartími:	Fundarstaður:
Ásbjörn	1. og 3. fimmtudagur	kl. 19.00	Dalshraun 15
Bessastaðahrepps	1. og 3. fimmtudagur	kl. 19.00	Íþróttahúsið
Eik	1. og 3. þriðjudagur	kl. 19.00	Garðaholti
Garðabæjar	2. og 4. þriðjudagur	kl. 19.30	Kirkjulundur, Garðabæ
Hafnarfjarðar	2. og 4. fimmtudagur	kl. 19.00	Dalshraun 15
Kaldá	2. og 4. þriðjudagur	kl. 19.00	Gaflinn
Eir	1. og 3. mánudagur	kl. 19.00	Lionsheimilið
Fjölur	2. og 4. þriðjudagur	kl. 19.00	Lionsheimilið
Freyr	1. og 3. mánudagur	kl. 18.45	Hótel Saga
Reykjavíkur	1. og 3. fimmtudagur	kl. 18.30	Versalir, Hallveigarstíg
Ægir	2. og 4. miðvikudagur	kl. 18.30	Kringlukráin
Kópavogs	2. og 4. miðvikudagur	kl. 19.00	Lundur, Auðbrekku
Munninn	1. og 3. miðvikudagur	kl. 19.15	Lundur, Auðbrekku
Seltjarnarness	2. og 4. þriðjudagur	kl. 19.00	Félagsh.Seltjn.
Viðarr	1. og 3. miðvikudagur	kl. 19.00	Lionsheimilið
Ýr	2. og 4. mánudagur	kl. 19.15	Lundur, Auðbrekku
Þór	1. og 3. þriðjudagur	kl. 19.00	Lionsheimilið
Baldur	3. fimmtudagur	kl. 18.15	Kaffi Reykjavík
Engey	2. og 4. mánudagur	kl. 19.30	Lionsheimilið
Njörður	1. miðvikudagur	kl. 18.00	Kaffi Reykjavík
Váli	2. og 4. þriðjudagur	kl. 20.00	Grensáskirkja
Fjörgyn	2. og 4. fimmtudagur	kl. 19.00	Garfarvogskirkja
Föld	3. mánudagur	kl. 19.00	Lionsheimilið
Mosfellsbæjar	2. og 4. fimmtudagur	kl. 19.00	Hlégarður
Týr	2. og 4. miðvikudagur	kl. 18.45	Lionsheimilið

Athugasemd:

Upplýsingar þær um fundartíma Lionsklúbba sem hér eru birtar eru með fyrirvara þar sem sumir klúbbar breyta stundum fundarstað og tíma fyrirvaralaust.

Efnisyfirlit:

Jólahugvekjja

Áratuga Lionsstarfi fagnað á Sigló,
Króknum og víðar

Evrópuþing Lions

Pistill alþjóðaforseta

Inntökudagur Lions 16. apríl 2005

Pistlar fjölumdæmis og umdæmisstjóra

Samstarf Norðurlanda

Fræðsla, ferðasögur og félagslíf

Hjartaverndartæki að verðmæti 13.7 milljónir



Sr. Auður Eir Vilhjálmsdóttir

Jólahugvekja



Er líf utan Lions? Ég heyrði spurninguna fyrir mörgum árum frá vinkonu minni, Þorbjörgu Daníelsdóttur. Maður hennar, Ingbór Haraldsson, var Lionsfélagi og þau störfuðu af lífi og sál. Setningin var höfð eftir útlendum gesti sem talaði hér á fundi. Er líf utan Lions? Ég hugsa það. Og ég hugsa að lífið utan Lions verði miklu skemmtilegra af því að lífið í Lionshreyfingunni er svo gott að það er hugsanlegt að spyrja hvort það geti verið lífið sjálft. Það er með bestu eignum okkar að eiga góðar manneskjur að, fá að vinna með þeim og eiga með þeim markmið og áhugamál. Það breytir öllu lífinu og gerir það miklu betra.

Ég skrifa þér, kæri lesandi, jólahugvekju. Hún er um okkur og Jesúm Krist frelsara okkar. Hún er um jólanóttina í fjárhúsinu þar sem nýfæddur frelsari heimsins lá í jötunni og þau María og Jósef gættu hans hugfangin. Fáeinar manneskjur heimsóttu þau, hjarðmeyjar og hirðarnir af Betlehemsvöllum og vitringarnir frá Austurlöndum. Ólíkir hópar sem áttu það sameiginlegt að þurfa að berjast við ógnir heimsins. Hjarðfólkið gætti hjarðarinnar fyrir villidýrum, vitringarnir tefldu pólitíska refsakák við Heródes. Þegar smábarnið í jötunni óx úr grasi líkti það sjálfu sér við góðan hirði sem þekkir hjörðina sína og ver hana. Og það sætti hótunum og ofsóknum frá eftirmönnum Heródesar sem virtust að lokum sigra hann. Það var nú samt ekki svo. Jesús var líflátinn en reis upp frá dauðum og gaf allri veröldinni vissuna um eilíft líf. Í eilífu lífi er gildi þess að eiga góð málefni og gott fólk til að vinna með. Þið skuluð vera hvert öðru svo væn að aðrar manneskjur langi til að vera með ykkur, sagði hann.



Sr. Auður Eir Vilhjálmsdóttir.

Þið skuluð flytja öllum heiminum fagnaðarerindið.

Heimshreyfingar rúma ólíka menningu og margvísleg trúarbrögð. Í lúterska heimssambandinu, sem íslenska þjóðkirkjan tilheyrir, fara fram sífelldar viðræður við fólk annarra trúarbragða. Þær fara ekki fram til þess að einhver trúarbrögð yfirgnæfi önnur, heldur þvert á móti til þess að fólk fái skilið hvert annað og virt og metið. Þau sem tóku þátt í þessum viðræðum fyrir lútersku kirkjuna sögðu að þau hefðu þá þurft að gera sér enn skýrari grein fyrir boðskap kristinnar trúar. Þau þurftu að mæta einlægum spurningum annarra fulltrúa. Og þau þurftu að spyrja samskonar spurninga sjálf í auðmýkt og opnum huga. Allt þetta kenndi okkur að meta enn meira okkar eigin kristnu trú, sögðu þau. Og í styrk hennar fundu þau virðingu fyrir því sem hin báru fram um sína trú.

Kristin trú er undirstaða menningar okkar. Það er líf utan kristinnar trúar. Biblían talar um viðtal Guðs við allar manneskjur. En við erum handhafar hins kristna fagnaðarerindis og höfum það hlutverk að lifa það og boða það með orðum okkar og lífi. Ég óska þér gleðilegra jóla. Ég óska þér þess að þú finnur frið og styrk hinnar gömlu og traustu kristnu trúar í öllu lífi þínu. Og að þú finnur alltaf aðrar manneskjur til að vinna með að gleðinni og réttlætinu sem kristin trú talar um. Ég óska þér þess að finna samstöðu ýmiss ólíks fólks sem á sömu trú og þú. Og ég óska þér þess að heyra sem oftast englasönginn um frelsið og friðinn og dýrðina sem englakórinn söng á Betlehemsvöllum. Í þínu eigin lífi, í fjölskyldu þinni og vináttu, í Lions og utan, með kristnu fólki og öðru.

Þóra Björk Kristinsdóttir, ritari Lkl. Eðnu, Akranesi

Fyrirmyndar inntökuathöfn

Það var mikil eftirvænting sem ríkti þegar gengið var til fundar 12. október. Tílefnið var að sex nýir félagar voru að ganga til liðs við okkur. Áður höfðu þær verið boðnar á fund til okkar og líkað vel. Fyrir fundinn 12. október voru þær boðaðar ásamt væntanlegum meðmælendum á heimili einnar stjórnarkonunnar þar sem Lionsfélaginn Jósef H. Þorgeirsson fræddi þær um upphaf Lionshreyfingarinnar, hvernig hún barst til Íslands og hið innra starf klubbanna. Í lokin ræddi hann um klubbana tvo á Akranesi og samstarf þeirra.

Stjórnin og húsnefnd sáu um undirbúning þessa mikilvæga fundar og elduðu matinn. Borinn var fram fiskiforréttur með afbragðs sósu og ristudu brauði. Síðan kjúklingaofnréttur með hrísgrjónum og perusal-

ati og í lokin var kaffi og súkkulaðibitar.

Borð voru dúkuð og skreytt og lítill kertastjaki settur við hvern disk. Að loknu borðhaldi voru væntnalegir félagar kallaðir fram ásamt meðmælendum og kveikt á kertunum um leið. Formaður las markmið Lionshreyfingarinnar og formaður félagnefndar síðareglurnar. Meðmælendur nældu Lionsnælur í nýju félagskonurnar og formaður afhenti hverri þeirra rós með góðum óskum og kveðjum til fjölskyldunnar heima. Þetta er hefðbundin inntökuathöfn hjá okkur.

Eftir óskir annarra félaga til handa þeim nýju var komið að félagsstorfum. Í lok fundarins var Lionsljóðið okkar sungið.

Við erum stoltar og glaðar að hafa nú í byrjun starfsársins sex nýja,



Nöfnin á meyjunum frá vinstri til hægri: Aðalbjörg Sigurðardóttir, Stefania G. Sigurðardóttir, Soffía Ómarsdóttir, Inga Birna Magnadóttir, Kristín Guðjónsdóttir og Karen Jónsdóttir.

dugmikla og áhugasama félaga, sem þegar hefur verið skipað í nefndir.

Að lokum má geta þess að fleiri

konur hafa sýnt góðan áhuga á að kynnast starfi okkar og munu mæta á fund með okkur fljótlega.

Hörður Þór Hjálmarsson, formaður Lkl. Siglufjarðar

Lionsklúbbur Siglufjarðar 50 ára

Aðdragandinn

Þann 16.nóvember 1954 er Lionsklúbbur Siglufjarðar stofnaður. Það ár var viðvarandi sildarleysi og því bágt atvinnuástand í bænum. Miklar ýfingar voru í pólitíkinni og fannst sumum því vanta einhverskonar félagsskap þar sem hægt væri að ræða saman án þess að pólitík kæmi þar við sögu. Vill þá svo til að Óli J. Blöndal kaupmaður var staddur hjá Magnúsi Kjarian heildsala í Reykjavík. Þar voru einnig staddir Hilmar Foss og Guðbrandur Magnússon en þessir þrír voru félagar Lionsklúbbs Reykjavíkur og Hilmar formaður hans þegar þetta er. Þessi klúbbur er sá fyrsti sem stofnaður var á Íslandi. Óli ræddi ástandið á Siglufirði við þessa menn og úr varð að hann fór heim með gögn um Lionshreyfinguna.

Stofnun klúbbsins

Skemmst er frá því að segja að 16. nóvember er Lionsklúbbur Siglufjarðar stofnaður og voru stofnfélagar 12 sem var lágmarksfjöldi. Fyrstu stjórn hans skipuðu: Óli J. Blöndal formaður, Gústaf Þórðarson ritari og Ólafur Guðmundsson gjaldkeri. Klúbburinn er sá fyrsti sem stofnað-



Lionshúsið á Siglufirði.

ur var á landsbyggðinni en þriðji á landsvísu. Af stofnfélögum eru tveir á lífi og enn starfandi, þeir Óli J. Blöndal og Guðmundur Jónasson. Ásamt Óla voru það Lárus bróðir hans, Vigfús Friðjónsson og Ólafur Stefánsson sem komu klúbbum á koppinn.

Fegurra mannlíf

Markmið Lionshreyfingarinnar sem stofnuð var 1917, er að ræða vandamál líðandi stundar á hverjum tíma utan stjórnsmál og trúsmál, styrkja líkna starfsemi, bæta bæjar-

brag með því að bæta okkur sjálfa, hafa áhrif á gerðir forráðamanna í ópólitískum málum og yfirleitt fegra lífið svo sem frekast er unnt. Þetta voru og eru markmið Lionsklúbbs Siglufjarðar.

Verkefnin - Víða komið við

Fyrsta verkefni klúbbsins var að gera skautasvell sem mæltist vel fyrir og var mikið notað þar til hlákan eyddi því. Þá kom klúbburinn upp skólagerðum sem var nýjung í bænum. Síðan hafa klúbbfélagar tekið sér

ýmislegt fyrir hendur s.s. smíða leikföng, mála togara, þríf á Strákagöngum, byggja hús í skógræktinni og svo lét klúbburinn smíða ljósaskáp sem gagnast fólki með sóríasis og gaf sjúkrahúsinu. Þessi skápur var alfar- ið siglfirsk smíði sem Verkstæði Jóns og Erlings sá um og er það aðeins eitt dæmi af ótalmörgum um stuðning fyrirtækja og einstaklinga við starfsemi klúbbsins. Klúbburinn hefur séð um að tengja ljósakrossa í kirkjugörðunum um jól, ekið á „jólaveinabíl“ um bæinn þegar jólatréð er tendrað á torginu og séð um áramótabrennuna. Hugmyndin um jarðgöng milli Siglufjarðar og Ólafsfjarðar kom upp á fundi í klúbbum og voru drög að stofnun Samgangs fyrst rædd þar.

Og áfram er haldið

Nýjustu verkefni eru upphaf að lagfæringu kirkjugarðsins að Hvanneyri og að standa fyrir söfnun fyrir líkbíl til bæjarins. Lionessklúbbur var stofnaður 1979 og þar komu konur að starfinu. Þeirra þáttur var mikill en með nýjum hugmyndum um jafnrétti kynjanna lagðist þessi kvennaklúbbur niður. Konum var að sjálfsögðu boðið að gerast félagar í „karla“klúbbum en hafa ekki hingað til þegið það.

Ekki í kot vísað

Það fer ekki fram hjá neinum hvar klúbburinn er til húsa en Guðný Fanndal og fjölskylda gáfu húsið að Suðurgötu 6. Félagar hafa innréttað og endurbætt húsið til að nýttist klúbbum sem best og mun það verkefni endast lengi enn. Þar hafa í- þróttafélögin aðstöðu og styrkir klúbburinn félögin með því.

Í dag eru 32 félagar í klúbbum sem heldur fundi annan hvern föstudag. Þar koma saman menn á öllum aldri, borða saman, ræða líðandi stund og skemmta sér, ásamt því að huga að verðugum verkefnum framtíðarinnar. Fólk er hvatt til að kynna sér klúbbinn og starfsemi hans. Það er alltaf pláss fyrir fleiri félagar.

Bæjarbúum þakkað

Aðeins hefur verið stiklað um starfsemi klúbbsins í þessi 50 ár. En ekkert af þessu væri mögulegt án stuðnings og rausnarskap bæjarbúa gegnum árin. Fyrir það eru félagar mjög þakklátir og vona að samstarfið haldi áfram svo gott sem það hingað til hefur verið.

Hafið þökk fyrir.

Júlíus Hraunberg, samskiptafulltrúi Lkl. Siglufjarðar

Gamall kirkjugarður gerður upp



Á vordögum 2004 sótti Lionsklúbburinn um og fékk hjá menningarsjóði KEA, eitt hundrað þúsund króna styrk til að hefja endurgerð á gamla kirkjugarðinum á Hvanneyri (þar sem prestsetrið er). Undir sumarlok mættu svo nokkrir galvaskir sveinar út á Hvanneyrarhólinn og hófu verkið. Fyrst þurfti að finna og taka upp þá legsteina sem lágu á hliðinni, hreinsa þá og þússa. Stinga upp leiði og snyrta í kringum minningarreitinn um hjónin séra Bjarna Þorsteinsson og konu hans. Það var slagveðurstið þennan dag en vaskir

Lionsmenn kalla ekki allt ömmu sína og mættu glaðir til verks. Lionsklúbbur Siglufjarðar þakkar menningarsjóði KEA styrkinn og við vonumst til að sjá frekari uppbyggingu á þessum reit.

Líkbíllinn

Það hefur sjálfsagt ekki farið fram hjá neinum sem lesa Lionsblaðið að Lionsmenn á Siglufirði fóru heldur óvenjulega leið í þjónustuverkefni nú í haust. Við ákváðum að safna fyrir og kaupa líkbíl og gefa sókninni á Siglufirði. Bíllinn datt í raun óvart upp í hendurnar á okkur þegar við vorum rétt byrjaðir að leita, en með skjótum viðbrögðum og með góð loforð bankans um bráðabirgðafjármögnun, var lagt af stað í viking og bíllinn keyptur. Hann er allur hinn virðulegasti þrátt fyrir aldurinn sem hann ber vel.

Næsta skref var að auglýsa söfnun

og framkvæma, og verður að segjast eins og er að sjaldan hafa Lionsmenn á Siglufirði gengið að jafn opnum dyrum og í þessari söfnun. Það er skemmst frá því að segja að bíllinn var uppgreiddur innan þriggja vikna frá því hann var keyptur.

Er þar ekki síst að þakka Íslandsbanka sem fjármagnaði kaupin til bráðabirgða og eins kvenfélaginu Von sem lokaði dæminu með veglegri gjöf. Erum við Lionsmenn Siglufirðingum afskaplega þakklátir fyrir þær frábæru undirtektir sem þetta verkefni fékk.



Magnús H. Sigurjónsson Lkl. Sauðárkróks

Fögnuður hjá fertugum

Það voru 30 ungir Skagfirðingar sem stofnuðu Lionsklúbb Sauðárkróks fyrir 40 árum. Stofnskrárhátíð var haldin 20. nóvember 1964. Það var Sæmundur Hermannsson sem var aðalhvatamaður að stofnun klúbbsins á sínum tíma. Fjörutíu ár er ekki langur tími í sögu byggðarlags, en sá tími er samt lunginn úr starfsæfi flestra, enda er nú svo komið, að aðeins fjórir starfandi stofnfélagar eru enn í klúbbum, en hann telur 43 féлага um þessar mundir. Eftir að Lionshreyfingin festi rætur í Skagafirði, hafa verið stofnaðir þar þrjú aðrir klúbbar, Lionsklúbburinn Höfði á Hofsósi, Lionsklúbbur Skagafjarðar í fram Héraðinu og Lionsklúbburinn Björk á Sauðárkróki, en það er kvennaklúbbur.

Umdæmisþingið

Starfið þessi fjörutíu ár hefur verið margvislegt, bæði hvað verkefni og fjáraflanir varðar. Segja má að toppurinn á starfinu hafi verið að halda Lionsþingið hér á Sauðárkróki sl. vor. Það var verkefni sem gaman var að takast á við. Þetta var samstarfsverkefni allra fjögurra klúbba í Héraðinu, og enda þótt undirbúningur og framkvæmd þingsins mæddi mest á undirbúningsnefndinni og nokkrum lykilmönnum, þá komu félagarnir allir að þessu verkefni með einum eða öðrum hætti. Bóknáms-hús Fjölbrautaskólans reyndist frábært til fundarhaldanna og gístaðstaða í héraðinu er orðin slík að ekki er vandamál að taka á móti hópum af þeirri stærð er sótti okkur heim til þinghaldsins. Íþróttahúsið á Sauðárkróki rúmaði vel veislugesti í loka-hófinu, sem einnig var afmælishátíð klúbbsins okkar. Við klúbbfélagar erum þakklátir öllum sem komu að því að gera þessa daga sem ánægulegasta fyrir gesti okkar og vonum að þeir hafi notið þess að heimsækja

Skagafjörð og skemmta sér með Skagfirðingum. Auk hátíðarinnar í íþróttahúsinu, var boðið upp á kynningarkvöld í Reiðhöllinni Svaðastöðum, þar sem skagfirsk stemming naut sín vel í formi söngs og reiðmennsku. Skagfirskir hestamenn létu gamminn geisa á gæðingum sínum og hinn rómaði kór Karla-kórinn Heimur flutti dagskrána „Undir bláhimni“.

Fjáraflanir

En lífið heldur áfram. Nokkurt spennufall varð eftir þingið, en þegar menn höfðu jafnað sig var blásið til fjáröflunar. Klúbburinn hefur gert samning við fjölmörg fyrirtæki á Sauðárkróki um að halda við merkingum á bílastæðum þeirra. Þegar vel gengur tekur þetta eitt til tvö kvöld og fram eftir nóttu. Margir fagmenn eru í klúbbum og er þetta unnið af miklum dugnaði og fagmennsku og gefur góðar tekjur.

Á öðrum fundi klúbbsins í haust var perum pakkað, auglýst í bæjarblaðinu og gengið í hús í fertugasta sinn til að selja perurnar. Sérstakur perusölustjóri, Valgarð Jónsson, hefur í nokkur ár séð um að skipuleggja þetta verkefni. Það hefur gefist vel og tekjur af perunum hafa aukist verulega eftir að farið var að ganga í fyrirtæki og selja ljósrör og benda um leið á, að það er betra að skipta út gömlu perunum áður en ljósið slökknar.

Verkefni

Þegar tekin var saman skrá yfir verkefni klúbbsins í tilefni 40 ára starfs kom í ljós að Sjúkrahúsið og Heilsugæslan á Sauðárkróki hafði notið stykja frá klúbbum í að minnsta kosti 23 ár. Þá hafa verið veittir styrkir til íþróttastarfsemi í byggðarlaginu, til kirkjunnar, skólanna, Slysavarnarfélagsins og Björg-



Stjórnin á fundi: Porvaldur Óskarsson formaður, Gunnar B. Ásgeirsson gjaldkeri, Óskar Jónsson ritari.

unarsveitarinnar Skagfirðingasveitar og fleira sem allt of langt er upp að telja. Nú á síðasta ári var kirkjunni veittur styrkur sem nam andvirði fullkomins búnaðar til að flytja mynd og hljóð úr kirkjunni í nærliggjandi samkomuhús til að mæta þörf vegna fjölmennra athafna í kirkjunni, sem sífellt algengara er að þjóni öllu héraðinu við einstakar athafnir og rúmi

hús og selja perur og ekki hentar öllum að fara í málningargalla og mála bílastæði og ekki ráða allir við járnkarlinn í girðingarvinnunni. En það er nauðsynlegt að félagarnir geri eitthvað saman annað en að mæta á fundum. Því ákvað stjórn klúbbsins okkar að efna til ferðar félaganna til Edinborgar í Skotlandi. Það var hugsað sem umbun fyrir vel heppn-



Lionsfélagar skoða kirkjurústir í Edinborg

þá ekki alla sem þar vilja vera. Eitt af fyrstu verkum klúbbsins var að gefa lýsingu í kirkjugarðinum á Sauðárkróki og síðar rafdrifinn búnað til að nota við greftrun í garðinum. Þessi upptalning sýnir að víða er komið við í félagsstarfinu

Félagarnir:

Fjölgun þjónustuklúbba í landinu veldur því að samkeppni hefur aukist um að fá góða menn til starfa. Það hefur borið á því í Lionsklúbbunum að menn hafa horfið frá hreyfingunni vegna mikils vinnuálags við fjáraflanir. Einnig gengur verr en áður að fá nýja féлага af ýmsum ástæðum. Stjórnir klúbba leita til að hafa félagsstarfið skemmtilegt, svo það laði að unga menn. Mörgum finnst leiðinlegt að ganga í

að umdæmisþingi í vor. Því miður gátu ekki allir félagarnir farið og lágu til þess ýmsar ástæður. Alls fóru þessa ferð 15 félagar ásamt mökum, samtals 30 manns. Ferðin tókst mjög vel að mati þeirra sem í hana fóru. Sá er þennan pistil skrifar átti þess ekki kost að heimsækja Skotland að þessu sinni, en af viðtölum við þá sem fóru má ráða að ferðin hafi náð tilætluðum árangri. Allir komu sælir og glaðir til baka og hafa margt að segja um menningu og listir úr hinni fornfrægu borg Edinborg. Tilganginum var náð. Að ferðast saman, eins og að vinna saman, hvort heldur er málningarvinna, girðingarvinna, eða annað, skapar samkennd sem okkur er nauðsynleg til að efla félagsstarfið í nútíð og framtíð.



Lionsfélagar við viskiverksmiðju í Edinborg

Kolbrún Kristinsdóttir, Lkl. Ýr

Ýr – Lionsstarf í 20 ár



Afmælismynd: Sitjandi frá vinstri.

Hulda Alexandersdóttir, Ásta Sigmundsdóttir og Unnur Jónasdóttir. Standandi fremri röð.

Guðrún Þórarinsdóttir, Erla Sigurðardóttir, Svana Kristvinsdóttir, Auður Ólafsdóttir, Sigríður Pétursdóttir, Jórunn Alexandersdóttir og Kolbrún Kristinsdóttir.

Standandi aftari röð. Guðlaug Guðjónsdóttir, Sigríður Þorlákssdóttir, Sigurbjörg Ingvarsdóttir, Dóra Hannesdóttir, Jórunn Guðmundsdóttir og María Ingibergsdóttir.

Lionsklúbburinn Ýr var stofnaður 29. mars 1984 og þá sem Lionessklúbburinn Ýr.

Í apríl 1992 breyttum við síðan í Lionsklúbbinn Ýr. Félagafjöldi í dag er 33, af þeim eru 19 stofnfélagar.

Ýr-konur héldu upp á afmælið með ýmsum hætti, meðal annars var farið í skemmtiferð yfir helgi til Glasgow ásamt mökum. Síðan var haldinn hátíðarfundur þar sem stjórnin kokkaði og bauð upp á hefðbundinn gamaldags sunnudagsmat, lambalæri með grænum baunum, rauðkáli, rabarbarasultu og brúnuðum kartöflum. Í eftirrétt var boðið upp á

sveskjugraut með rjómalandi. Vakti þetta mikla kátínu meðal veislu-gesta. Lesin var fundargerð fyrsta

Frá vinstri.

Dóra Hannesdóttir, Guðrún Þórarinsdóttir, Guðlaug Guðjónsdóttir, Bára Eiríksdóttir, Dolly Nielsen, Sigrún Guðnadóttir, Dröfn Pétursdóttir, Erla Stefánsdóttir, Auður Ólafsdóttir, Sigríður Haraldsdóttir, Jórunn Guðmundsdóttir og Katrín Karsldóttir.



fundar og sungið og dansað fram eftir nóttu.

Nýverið færði klúbburinn hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð að gjöf tvö sjúkrarúm, Voru þau gefin í tilefni af 20 ára afmælinu. Var mjög ánægjulegt að afhenda þau á þessum tímamótum okkar. Tjáði hjúkrunarforstjóri okkur við afhendingu þeirra að þau væru algjör bylting frá eldri rúmum hvað varðaði þægindi fyrir sjúklingana og ekki síður fyrir þá sem starfa við umönnun þeirra. Hefur klúbburinn í gegn um tíðina styrkt hjúkrunarheimilið með ýmsum hætti.

Einnig má geta þess að klúbburinn hefur á liðnum árum stutt við bakið á ýmsum aðilum og þá aðallega í Kópavogi. Má þar t.d. nefna Hvammshús, Hæfingarstöðina, Sambýlin, Heilsugæslustöðina o. fl. Ennfremur höldum við nýársfagnað fyrir eldri borgara ásamt Lkl. Muninn og Lkl Kópavogs, og kirkjukaffi á haustin með Lkl. Muninn.



Þórunn Gestsdóttir, fjölumðæmisstjóri

Evrópu Forum 2004 í Róm



Fróðleikur og góð samskipti

Síðasta dag septembermánaðar sl. og fyrstu tvo daga október komu Lionsfélagar saman til fundar í Rómaborg, Ítalíu. Evrópu Forum Lions var haldið í 50. sinn og mættu félagar frá flestum Evrópulöndum er hafa starfandi Lionsklúbba - á annað þúsund þátttakendur voru á þinginu.



Þórunn Gestsdóttir.

Frá Íslandi sátu fjórir Lionsfélagar Evrópu Forum þessa daga í Róm. Það

voru þau Þórunn Gestsdóttir fjölumðæmisstjóri MD 109, Jón Bjarni Þorsteinsson fv. alþjóðastjórnarmaður og alþjóðasamskiptastjóri MD 109, Guðrún Björt Yngvadóttir skólastjóri Leiðtogaskólans og Kristinn Hannesson unglingskiptastjóri MD 109.

Kristinn sat fundi með unglingskiptastjórum Evrópu um skipulag unglingskipta næsta ár, Guðrún Björt flutti erindi

um þátttöku (hlutdeild) kvenna í Lionshreyfingunni, Jón Bjarni var með erindi á námstefnu um siðfræðigrundvöll og reglur sem byggt er á í starfi og við ákvarðanatöku innan Lionshreyfingarinnar.

Þórunn sótti fundi með umdæmastjórum Evrópu er áttu fund með Clement F. Kuziak alþjóðaforseta LCI. Þá sat Þórunn fundi með fjölumðæmisstjórum á Norðurlöndum og ritstjórum Lionsblaða Evrópu. Íslenski fjölumðæmisstjórinn var þátt-

takandi í afgreiðslu og atkvæðagreiðslu framlagðra tillagna og breytingatillagna ásamt öðrum fjölumðæmisstjórum Lions í Evrópu.

Í boði voru fjölmargir fyrirlestrar, góðar umræður og tónleikar sem fjórmenningarnir íslensku sóttu. Sannarlegar var nokkur fróðleikur sóttur í smiðju Lionsmanna í Evrópu og því til viðbótar má einnig nefna hin jákvæðu og góðu mannlegu samskipti sem einkenna jafnan samkomur Lionsfélaga heima og að heiman.

Guðríður Þ. Valgeirsdóttir, Lkl. Embla

Lionsklúbburinn Embla 15 ára

Þann 9. mars sl. voru liðin 15 ár frá stofnun Lkl. Emblu. Að því tilefni var haldinn afmælisfundur að Efsta-landi, Ölfusi, þar sem félagar fögnuðu tímamótunum með félögum úr Lkl. Selfoss, móðurklúbbum okkar og mökum. Ýmislegt var gert til hátíðarbrigða m.a. söng Elín Gunnlaugsdóttir við undirleik Jorg Soderman,

Þórunn Gestsdóttir þáverandi umdæmisstjóri heimsótti okkur og stóra stundin þetta kvöld var þegar hún Kristín okkar Björnsdóttir var gerð að Melvin Jones féлага. Kristín er í hópi stofnfélaga, fyrsti gjaldkeri klúbbsins og með sanni ein af styrkustu stoðum klúbbsins.

Afmælisferðin

Í tilefni afmælisins var svo farið til Kaupmannahafnar í september. Ferð-



Í heimsókn hjá sendiherrahjónunum á heimili þeirra fyrir utan Kaupmannahöfn.



Fyrirverandi stjórn með nýjan Melvin Jones féлага Kristínu Björnsdóttur.

in var hin skemmtilegasta og þótti takast í alla staði vel. Þorsteinn Pálsson sendiherra og eiginkona hans Ingibjörg Rafnar buðu okkur heim, borðuð var lapskássa að hætti Dana á Skinbuxsen, gengnar söguslóðir Íslendinga undir frábærri leiðsögn Guðlaugs Arasonar o.m.fl. Hátíðarfund héldum við svo í Det lille apotek.

Leyndardómar fundargerðabóka

Kristín Þorfinnsdóttir formaður hafði lesið í gegnum gamlar fundargerðarbækur og sett saman annál frá tveim fyrstu árunum. Lesning þessi var hin skemmtilegasta og ekki skemmdi fyrir að þáverandi ritari, Hrefna Ólafsdóttir er hagamælt og læddi gjarnan spaugilegum vísum inn í fundargerðirnar. Mæli ég ein-

dregið með svona upprifjunum í klúbbunum, er það bæði gaman og gagnlegt. Kom fram í fyrstu fundargerðunum að leggja skyldi ríka áherslu á innra klúbbstarf. Við gerðum það í upphafi og allar götur síðan.

Samstilltur hópur

Klúbburinn samanstendur af samstilltum hópi vina, sem njóta samverunnar. Emblufélögum fjölgaði um fjóra á síðustu mánuðum. Fjórar konur hafa gengið í klúbbinn og eru klúbbfélagar nú 26. Það má segja að s.l. starfsár og nýtt hafi runnið saman, því félagar í Emblu tóku að sér þríf eftir iðnaðarmenn í nýbyggðum grunnskóla á Selfossi og fór það fram á sumarmánuðum. Einnig lögðu Emblur sitt að mörkum vegna unglingaskipta Lions.

Fjör í tuskunum

Nú fer að koma að diskóteki hjá okkur og vistmönnum sambýlanna á þessu svæði, þar sem Jón Bjarnason heldur uppi hvíliku fjöri og tekur aldrei krónu fyrir. Þegar hausta fer heyrum við að þau miði gjarnan sitt tímatal við diskótekin, fyrir eða eftir diskótek! Einu sinni sýndu gestirnir okkur þann heiður að opinbera trúlofun sína í tengslum við Embluball.

Og þar var ekki látið staðar numið Fyrir utan að skreppa til Kaupmannahafnar hófum við starfið með hefðbundinni söfnun á plöntum fyrir Ævar Jóhannesson, en þær notar hann í drykkinn góða sem svo fjölmargir sjúklingar hafa notið góðs af. Er það mikils virði fyrir okkur að geta lagt þar lóð á vogarskálina.

Norðurlandþing Lions

Í janúar 2005 verður haldinn samráðsfundur norrænu Lions-hreyfingarinnar í Færeyjum, nánar tiltekið í Þórshöfn. Þing NSR eru haldin til skiptis í aðildarlöndunum og er röðin Danmörk, Finnland, Ísland, Svíþjóð og Noregur.

Landþing Lions á Norðurlöndum Vorið 2005

MD 101	Svíþjóð	Halmstad	5.-6. maí 2005
MD 104	Noregur	Stjørdal	27.- 28. maí 2005
MD 106	Danmörk	Odense	4.- 6. júní 2005
MD 107	Finnland	Kuopio	10.-12. júní 2005
MD 109	Ísland	Reykjavík	22-24. apríl 2005



Guðrún Björt Yngvadóttir, Lkl. Eik, Garðabæ

Konur í Lions

„Staða og hlutverk kvenna í Lions“



Erindi flutt á Evrópu Forum í Róm 2. október 2004 stytt með leyfi höfundar

Hvers vegna þessi umræða um konur?

Alþjóðastjórn Lions hefur ákveðið að unnið skuli að því að jafna kynjahlutfallið, þ.e. að konur verði helmingur félaga. Konur fengu fulla aðild að Lions 1987 og eru í dag rúmlega 230.000 eða 17% félaganna. Hvers vegna eru konur ekki fleiri? Er Lionshreyfingin ekki spennandi kostur fyrir konur? eru þær ekki velkomnar?

Konur í Evrópu - Lions í Evrópu

Konur í Evrópu eru mjög virkar á vinnumarkaði og stjórnárum og axla ábyrgð á ýmsum sviðum. Þetta endurspeglast ekki í Lionshreyfingunni. Í Evrópu eru konur um 20% félaga, rétt yfir heimsmeðaltalinu, en þegar við skoðum Evrópu aðeins nánar, kemur í ljós að í Suður- og Austur-Evrópu eru konur tæp 30% félaganna, en í Norður- og Vestur-Evrópu eru þær aðeins 11%. Þetta er ekki ásættanlegt fyrir Norðurlöndin.

Því fyrr sem Lionsklúbbarnir hófu starfsemi sína í Evrópu, þeim mun færri konur. Því yngri Lionslönd, því fleiri konur. Reyndar er það svo að þar sem Lions var stofnað fyrir 40-50 árum eru konur allt niður í 6% félaga, en í löndum þar sem klúbbar eru stofnaðir eftir 1987 eru konur allt að 45%. Ný lönd - nýir síðir.

Hlutverk kvenna í Lions

Það eru allir sammála um að þekking og reynsla kvenna styrki hreyfinguna. Það, að fá fleiri konur, þýðir að fá fleiri gæðafélaga. Hverjir eru þá styrkleikar kvenna eða sérstaða? Er hlutverk kvenna og karla í Lions ekki það sama? Þurfa allir að hafa sama hlutverk og má hlutverkið breytast? Hafa konur og karlar áhuga á sömu þáttum í starfinu, vinna að sömu verkefnum?

Meginhlutverkið er það sama, en við snum því með mismunandi hætti, eftir styrkleika félaganna, hefðum klúbba, þörfum byggðarlagsins og breytingum í samfélaginu.

Fyrir tveimur árum var gerð könnun í nokkrum íslenskum Lionsklúbbum, bæði kvenna- og karla-klúbbum, m.a. um hvað félagarinnir teldu mikilvægasta hlutverk klúbbsins. Einnig var unnið úr ársskýrslum um verkefni klúbba og áherslur í



Guðrún Björt í ræðustóli.

klúbbstarfi. Að lokum var sendur spurningarlisti til 250 félaga, víðs vegar um landið. Niðurstöður úr þessu gefa nokkrar vísendingar um starfsemi klúbba og viðhorfum félaga, sem gaman er að skoða, en er ekki nein heildarúttekt.

Það kom í ljós í könnunni að kvennaklúbbar sinna gjarnan „mýkri málum“ eins og reiknað var með, m.a. börnum, vímuevrum og öldruðu. En það kom á óvart að karla-klúbbarnir sinna þessum verkefnum líka. Kvenna- og karla-klúbbar á Íslandi vinna að mestu að sömu verkefnum og það er athyglisvert að flestir klúbbar sinna mörgum verkefnum, engin sérhæfing á ferðinni. Ef einhver mismun var að finna, þá var helst hægt að draga þá ályktun, að konur beindu sjónum sínum fyrst og fremst að sínu byggðarlagi, en karlar sinni ekki síður landsverkefnum og alþjóðlegum.

Meginástæðan fyrir þátttöku í Lions

Við spurðum einnig hver væri meginástæðan fyrir því að viðkomandi væri í Lionsklúbbi. Mörgum fannst mikilvægast „Að leggja lið“ og „Félagssleg þjálfun“. Það hljómar metnaðarfullt, mjög ábyrgt. Öðrum fannst mikilvægast „Félagsskapurinn“ og „Skemmtunin“. Er það óábyrgt og metnaðarlaust? Alls ekki.

Skoðum aðeins hvað liggur almennt að baki þátttöku fólks í félagsstarfi. Það skýrist m.a. með þarfa-

þýramíða Maslows (Abraham Maslow (1908-1970) einn helsti forvígismaður mannúðarsálfræði). Frumþarfirnar eru 5, fyrst 2 grunnþarfir og síðan 3 vaxtarþarfir. Fyrst þarf fólk að fullnægja grunnþörfum: 1) Líkamlegar þarfir 2) Öryggisþarfir. Þá er komið að vaxtarþörfunum þremur. 3) Félagþarfir: Þörf fyrir þýðingarmikla samveru og samskipti. Fólk myndar sambönd og tengslanet, t.d. gengur í Lions. Það er m.a. vegna félagsþarfanna að sjóndeildarhringurinn stækkar, reynslan vex og við viljum gefa af okkur, leggja lið. Í Lions eignast margir sína bestu vini. 4) Viðurkenningarþarfir: Að fást við metnaðarfull viðfangsefni, að ná árangri sem eftir er tekið og vera umbunað og þakkað. 5) Á toppnum í þýramídanum er svo þörfin fyrir sjálfsþroska, það að takast á við stórar áskoranir, ógrandi verkefni, þora að taka áhættu vegna eigin vaxtar og þroska.

Tækifæri í Lions

Lions gefur félögunum tækifæri til að fullnægja vaxtarþörfunum. Að öðlast félagslegan þroska og njóta gefandi samskipta. Að takast á við krefjandi viðfangsefni og ná markmiðum. Að glíma við stórar áskoranir; komast á toppinn og sigra.

Það er margt fólk úti í samfélaginu sem veit ekki hvaða tækifæri Lions býður upp á; fólk sem er að leita sér að góðum félagskap og metnaðarfullum viðfangsefnum. Lions er þar í samkeppni við mörg önnur félög.

Við þurfum að kynna betur hvað við stöndum fyrir og hvað við höfum að bjóða. Sjálfboðaliði ætlast ekki til launa fyrir sín störf, en hann vill verja frítíma sínum vel, finna að hans er þörf og störf hans vel metin og að hann sjálfur hafi vaxið og þroskast í þessum félagskap.

Hvernig kynnum við hreyfinguna? Við þurfum að gefa upplýsingar sem skipta máli, nota réttu „beituna“. Ef mér finnst jarðarber góð, held ég kannski að öllum líki jarðarber, en ég gæti haft rangt fyrir mér. Þegar ég fer að veiða fisk, ætti ég að setja jarðarber á öngulinn? Nei, fiskurinn vill alls ekki jarðarber. Það skiptir máli að nota réttu beituna, ef maður ætlar að ná árangri. Þetta á líka við Lions í leit að nýjum félögum. Það á að segja þeim hvað Lions býður upp á til að uppfylla vaxtarþarfirnar.

Fleiri konur

Hvernig hvetjum við fleiri konur til þátttöku í þessari stærstu þjónustuhreyfingu í heimi? Eða öllu heldur, hvaða tækifæri bjóðum við konum sem ganga til liðs við Lions? Tækifærin eru mörg, en við erum kannski ekkert að auglýsa þau. Við þurfum að nota réttu leiðirnar í markaðssetningu á Lions og nota réttu „beituna“. Það er ekki ein leið, það þarf að nota margar leiðir. Klúbbar eru margir og mismunandi og sinna ýmsum viðfangsefnum. Konur eru ólíkar, hafa mismunandi áhugamál, þekkingu og reynslu. Konur vilja meta, velja, hafna og þroskast, til að öðlast lífsfyllingu. Klúbbur sem hefur áhuga á að bjóða konu í klúbbinn, þarf að vita hvað hann stendur fyrir og hvað hann hefur upp á að bjóða. Þetta gildir að sjálfsögðu fyrir alla félaga, sama hvort um er að ræða konur eða karla.

Í Lions starfa saman karlar og konur, ungar og aldri, fólk með mismunandi bakgrunn og störf, af ýmsum kynþáttum og með mismunandi trúarbrögð. Lions á að endurspeglar mannlíf, vera þversneið af þjóðfélaginu. Þess vegna má ekki vanta konur og þess vegna er þessa áhersla á að fjölga konum í Lions.

Framtíð Lionshreyfingarinnar er í höndum félaganna og fjölgun kvenna mun hjálpa Lionshreyfingunni að blómstra í framtíðinni.

Jón Bjarni Þorsteinsson, fv. alþjóðastjórnarmaður

Siðfræði og siðareglur Lions

Námskeið haldið í Róm, Ítalíu á 50. Evrópu Forum Lions 2004

Námskeiðið fjallaði um siðfræði Lionshreyfingarinnar og siðareglur.

Þetta er erfitt viðfangsefni. Margir hafa persónulegar skoðanir á siðareglum okkar. Sumir segja að þær séu gömul goðsögn, en aðrir segja að stöðugrar endurskoðunar sé þörf. Eigum við að fara eftir þeim sem Lionsfélagar og einnig sem góðir þegnar í þjóðfélagi okkar?

Ég tók upp í erindi mínu m.a. dæmi úr siðareglum okkar, sem að meginkjarna innihalda 8 mismunandi grundvallarefni m.a. heiðarleika, virðingu, vináttu og samúð. Ég er þeirrar skoðunar að allir Lionsfélagar eigi að virða og fara eftir siðareglunum. Nýjar leiðbeiningar fyrir forystu hreyfingarinnar á öllum stigum voru samþykktar á alþjóða-



Jón Bjarni Þorsteinsson.

stjórnarfundu Lions í apríl 2004.

Á námskeiðinu urðu miklar umræður um innihald og orðalag siðareglanna og hvernig við vinnum innan hreyfingarinnar. Má þar nefna hvernig á að fara með söfnunarfé hreyfingarinnar, ábyrgð okkar sem Lionsfélagar og sem þegnar þjóðfélagsins. Hvað þýðir þetta fyrir okkur? Hvernig eigum við að tengja siðfræðina vinnu okkar og fjölskyldulífi og hvernig eigum við að líta á leiðtoga okkar og forystumenn.

Söfnun fjár

Það á ekki að nota söfnunarfé í stjórnunarkostnað nema í beinan sannanlegan kostnað. Það á að tryggja að þeir sem gefa til söfnunarinnar viti og skilji hvert söfnunarféð

fer. Við verðum að vera gegnsæ í söfnunum okkar, þannig að fólk trúir okkur og treysti til áframhaldandi safnanna fyrir góðum málefnum. Einnig að virða aðra klúbba t.d. ef við hyggjumst hefja safnanir á svæði annarra klúbba eða í öðrum umdæmum, þá verðum að fá þeirra samþykki.

Trúnaður

Trúnaðurinn byrjar hjá leiðtogum okkar. Trúnaður vex með betri skilningi. Þess vegna þurfum við að tala tungumál sem allir skilja, einfalt en þannig að menn skilji við hvað er átt. Ég tók nokkur dæmi úr Lionsstarfinu, eigin starfi og sem almennur þjóðfélagsþegn. Minnti á að við verðum að vera varkár hvernig við notum heimasíðu okkar og heimsíðu alþjóðastjórnarinnar.

Aðlaga þarf siðareglur okkar að

landslögum, sem eru mismunandi eftir löndum.

Við verðum að átta okkur á hvernig við ætlum að leysa vandamál innan klúbba, umdæma og fjöllumdæmisins. Eitt skemmt epli getur skaðað hreyfinguna.

Meðal annars nefndi ég að við eigum að koma fram við aðra eins og við viljum að þeir komi fram við okkur. Þannig líði okkur betur.

Lionsfélagar eiga að segja sannleikann. Ef við teljum að við getum verið að brjóta lög hreyfingarinnar er betra að spyrja einhvern sem betur þekkir til laganna. Það eru mjög mörg álitamál innan siðfræði okkar.

Ég vona að þetta hafi varpað ljósi á þetta stóra og flókna viðfangsefni. Ef einhverjar spurningar vakna eða Lionsklúbbar eða umdæmi hafa áhuga á námskeiði þessu þá er ég tilbúinn að fjalla um þetta efni.

Alþjóðastjórnarforseti Lions, Clement F. Kusiak

Listin að deila árangrinum með öðrum

Það eru ýmsar leiðir til að deila með öðrum árangrinum í Lionsstarfinu. Ýmsar leiðir sem fara má í samvinnu við aðra til að deila með þeim framtíðarsýn okkar fyrir bætt samfélag og þjónustu við fólk sem hennar þarfnast. Í rúmlega átta áratugi hefur sameiginlegt átak okkar náð svo frábærum árangri að Alþjóðasamtök Lionsklúbba eru viðurkennd sem stærstu hjálparklúbbasamtök veraldar og einnig þau afkastamestu.

Þegar klúbburinn vinnur sem heild að því að skipuleggja og leggja lið með fjárflyunarverkefni, þá deila félagarnir verkefnum með sér og þeirri ánægju sem í því er fólgin að vita að starf þeirra hefur komið samfélaginu til góða eða vakið og uppfyllt vonir þeirra sem ekki hafa notið lífsgæða. Á þennan hátt deilum við einnig hugmyndum okkar og framtíðarsýn með þeim sem við leggjum lið og þeir sýna okkur í staðinn hvernig starf okkar gerir þeirra framtíð hjartari og jákvæðari. Með þessu lærum við hvert af öðru.

Stuðningur þeirra sem í forustu eru í samfélaginu er einnig mikils



Clement F. Kusiak

virði. Stuðningur fólks sem viðurkennir nauðsyn þess að gefa af sér með sjálfbóðaliðsstarfi. Þannig getum við náð meiri árangri í verkefnum okkar vegna þess að við höfum deilt verkefnum okkar og kröftum með öðrum.

Þjóðið þeim sem eru í forustu í þjóðfélaginu á fundina ykkar og að taka þátt í verkefnum ykkar til að

þeir fái innsýn í ykkar þátt í samfélaginu. Þetta tryggir frekari stuðning þeirra sem eru í áhrifastöðum í ykkar nánasta umhverfi. Til að styrkja klúbbinn væri ekki úr vegi að bjóða þessum aðilum að verða félagar í klúbbnum.

Deilið samfélagsverkefnum með ungu fólki, leiðtogum framtíðarinnar og vonandi Lionsfélögum morgundagsins. Ungu fólki sem til dæmis tekur þátt í störfum Leoklúbbs, unglingaskiptum, skátastarfi, friðarveggspjaldakeppninni eða einhverju öðru. Þau ættu að skilja hvernig þið hafið náð árangri við að leggja lið og til hvers muni ætlast af þeim sem gera sér grein fyrir þörfinni fyrir sjálfbóðaliðsþjónustu.

Lionsklúbbar verða að vera vakandi fyrir því almenningur fái upplýsingar um árangur starfsins því þannig öðlast þeir stuðning almennings sem hjálpar til að tryggja frekari árangur. Viðurkenning til handa Lionsfélögum og öðrum sem þátt hafa átt í að ljúka árangrursríku verkefni má heldur ekki gleymast. Afhending viðurkenningar við hátíðlegt tækifæri eða annars konar þakklættisvottur mun vel metinn. Með

því að deila árangri okkar vinnst tvennt. Hróður Lions mun eflast og fleiri munu vilja taka þátt í þeim verkefnum sem við tókum okkur fyrir hendur.

Samvinnu þá sem getið hefur verið um hér að framan bera að taka alvarlega. Henni þarf að fylgja eftir til að tryggja það að hún hafi jákvæð áhrif á klúbbstarfið. Lionsklúbbarnir eru nú rúmlega 47.000 í 193 löndum um heim allan og allir hafa þessir klúbbar sögu að segja um árangur í árunna rás sem deila má með öðrum.





Pórunn Gestsdóttir, fjölumðæmisstjóri Að nema og miðla



Afmælishátið Lionsklúbbs Siglufjarðar tókst vel. Fimmtíu ára afmæli er merkur áfangi klúbbs í okkar hreyfingu. Það var kraftur og ánægja ríkjandi í afmælishófinu sem ánægjulegt var að sitja eitt laugardagskvöld í nóvember.

„Öruggari í framkomu, fróðari um Lions og frekar tilbúin til að takast á við krefjandi verkefni í Lions og daglegu lífi“

Í Munaðarnesi á sunnudegi um miðjan nóvember rann upp kveðjustund skólanema í Leiðtogaskóla Lions. Fyrir brottför skiluðu nemendurnir nokkrum línunum um skólann sem var þeirra mat og vitnisburður.

Setningin um öruggari framkomu

og aukinn fróðleik um Lions kemur úr þeirra ranni.

Leiðtogaskóli Lions hefur starfað í sex ár og hafa nemendur nánast lokið upp einum rómi sem er samhljómur við ofangreind ummæli.

Jákvæðni og hjartástand er veganestið sem nemendur í Leiðtogaskóla Lions fóru með heim í malpokanum.

Í Kaupmannahöfn í lok október á fundi mínum með fjölumðæmisstjórum Noregs, Svíþjóðar, Danmerkur og Finnlands, bar margt á góma. Umræður um verkefni og úrlausnir voru mjög jákvæðar og samskiptin farsæl. Að fundi loknum var haldið heim með viðbótavisku um gangverkið í Lionshreyfingunni og þá tilfinningu að æskilegt væri að miðla þeirri visku.

Á samfundi á Ísafirði einn laugar-

dag í október voru Lionsmenn jákvæðir, áhugasamir og hjartástand. Þar var miðlað og þegið á móti.

Evrópu-Forum Lions í Rómaborg sem fór fram í byrjun október var upplifun. Móttaka alþjóðaforseta Lions Clement F. Kusiak og hans konu hingað til lands í ágúst var eftirminnanlegur viðburður. Hið sama má segja um alþjóðþingið í Detroit í júlímánuði.

Í hverjum klúbbi er sérstakur bragur og við sérhvern viðburð undir Lionshattinum má nema eitthvað nýtt. Á klúbbafundum, svæðisfundum, samfundum, umdæmafundum og fjölumðæmisráðsfundum höfum við einnig tækifæri til að hlusta, læra og eflast.

Hvernig við höldum til haga vitneskjunnar og reynslunnar og miðlum

þessu okkur öllum til hagsbóta er einstaklingsbundið. En einn stærsti þátturinn í okkar starfi er að miðla og þiggja.

Sem fjölumðæmisstjóri eitt starfsári í langri sögu Lionshreyfingarinnar á Íslandi er vilji fyrir hendi til að nema og miðla. Einnig að eiga góð samskipti og sækja sem mestan fróðleik í smiðju Lionsmanna og miðla ef þörf krefur.

Einn sterkasti hlekkurinn í keðjunni okkar er þekkingin á eigin verkum og vilja.

Við höfum verk að vinna á komandi ári - eitt það helsta er að miðla fróðleik um markmið og verkefni, miðla innan sem utan Lionshreyfingarinnar.

Ég óska ykkur öllum og ykkar fjölskyldum gleðilegra jóla og farsæls komandi árs.

Marlee Seef skrifar frá alþjóðaskrifstofu

Alþjóðainntökudagur Lions laugardaginn 16. apríl 2005

Merkið við þennan dag á dagatalinu. Það er ekki of snemma af stað farið til að undirbúa áttunda árlegan alþjóða-inntökudag Lions. Þá skapast tækifæri til að deila árangrinum af starfi klúbbsins með öðrum í samfélaginu og nágrenni. Á þessum sérstaka degi sameinast Lionsfélagar um heim allan um að halda upp á félagsaðild sína á sama tíma og þeir bjóða velkomna nýja félaga í stærstu hjálparklúbbsamtök veraldar.

Grípið tækifærið af þessu alþjóða tilefni til að kynna starfsemi klúbbs ykkar í samfélaginu og stuðla að fjölgun félaga. Það er reglulega spennandi að taka þátt í inntökudegi Lions. Þeir sem taka þátt sameinast í hópi vina og félaga sem trú á málstaðinn. Ekki nóg með það, heldur fær hver félagi líka afhent skjal undirritað af alþjóðafor-



seta til að minnast þessara tíma-móta.

Með því að taka þátt býðst klúbbum og umdæmum tækifæri til að kynna verkefni sín og árangur sem náðst hefur. Kynning alþjóðainn-

tökudagsins með fréttatilkynningum og almenn kynning á starfi Lions í samfélaginu vekur athygli á starfinu og upplýsir almenning um Lions og ein-kunnarorð samtakanna „Við leggjum lið“.

Hefjið undirbúning strax

Með því að hefja undirbúning tímanlega er hægt að gera alþjóða-inntökudaginn að minnisverðum atburði fyrir félagana, verðandi félaga og samfélagið allt. Kynning getur farið fram með ýmsum hætti, en allt fer þetta eftir því hvað hentar í því umhverfi sem klúbburinn starfar. Hér fyrir neðan eru fáeinir tillögur.

- Notið almannatengsl til að kynna starf klúbbsins til að ná athygli almennings, bæði fyrir og eftir inntökudaginn.
- Útbúið og dreifið blöðum eða

bæklingum með upplýsingum um klúbbin.

- Notið heimasíðu til að koma upplýsingum um klúbbin á framfæri.
- Hafið „opið hús“ á næsta fundi til að kynna klúbbsstarfið
- Þjóðið útvarpsstöð að útvarpa frá næsta verkefni eða látið þá fá fréttatilkynningu til birtingar.

Frekari hugmyndir má fá á heimasíðu alþjóðasamtakanna www.lionsclubs.org

Á heimasíðunni eru sérstakar leiðbeiningar sem varðar alþjóða-inntökudaginn. Ef smellt er á „Resources“ á heimasíðunni og síðan á „Publications - New Clubs“ tengist þú undirbúningsleiðarvísni á ýmsum tungumálum.

Frekari upplýsingar um alþjóða-inntökudaginn má fá hjá umdæmisstjórum eða með því að senda tölvupóst á „inductionday@lionsclubs.org“ eða slá á þráðinn til Oak Brook í síma 00 01 630 571 5466, innanhúsnúmer 522.

Munið daginn, 16. apríl 2005

Geir Hauksson, umdæmisstjóri 109A

Fræðslan er framtíðin



Á Breiðdalsvík. Sigurður Magnússon formaður Lkl. Svans, Geir og Baldur Gunnlaugsson formaður Lkl. Djúpavogs.

Leiðtogaskólinn

Leiðtogaskólanum lauk sunnudaginn 14.nóvember í fimmta sinn. Við vorum viðstödd útskriftina, fjölum-dæmisstjóri og umdæmisstjórar í 109A og B.

Því miður var skólinn ekki fullskipaður núna og komu þar til ýmis forföll á síðustu stundu. Það var ánægjulegt að fylgjast með þessum góða hópi síðasta daginn. Allir voru mjög ánægðir og fannst bæði fróðlegt og gaman í skólanum.

Við áttum þess kost að vera viðstödd þegar Jón Bjarni fv. alþjóðastjórnarmaður spurði nemendur hvern og einn um hvernig þeim hefði þótt skólinn, bæði kosti og galla. Athyglisvert var að öllum fannst skólinn frábær og þessi fræðsla mundi nýtast þeim vel í framtíðinni, innan sem utan Lions. Gallar voru hverfandi. Þetta sýnir best hvílikt einvalalið er þarna í fræðsluteyminu, sem ég vissi reyndar fyrir þar sem ég átti þess kost að sækja skólann í fyrra. Einu má heldur ekki gleyma að allt er þetta unnið í sjálfboðavinnu.

Einnig eru í boði námskeið af ýmsu toga sem jafnvel er hægt að fá heim í hérað. Allt þetta styrkir mig í þeirri trú að fræðslan sé framtíðin. Fróður félagi er góður félagi.

Fundir

Umdæmis- og fjölum-dæmisfundir voru haldnir í Lionsheimilinu að Sól-túni laugardaginn 6. nóvember. Á umdæmisfundinum komu fram skýrslur frá hinum ýmsu fulltrúum og svæðisstjórum og virðist starfið

vera í bærilegu lagi þegar á heildina er litið en áhyggjur eru vegna nýliðunar. Kynningarstjóri Halldór Kristjánsson flutti svo að lokum fróðlegt erindi um kynningarmál.

Á fjölum-dæmisfundinum kom m.a. fram hjá fjölum-dæmisstjóra Þórunni Gestsdóttur og kynningarstjóra kvenna, Laufeyju Jóhannsdóttur, að Lionsklúbburinn Eik í Garðabæ hefði staðið fyrir kynningarfundum fyrir konur þar í bæ. Þetta skilaði inn fimm nýjum félögum sem er mjög ánægjulegt. Á fundinum kom einnig fram að heildarfjölgun í hreyfingunni yfir árið væri nokkuð góð, en því miður væri brottfallið meira. Þetta vekur okkur til umhugsunar hvort við þurfum ekki að rækta betur innra starfið í klúbbunum og fylgja betur eftir nýjum félögum.

Sérstakar þakkir komu fram hjá unglingsamskiptastjóra til klúbba-anna á svæði 4 um hvað vel hefði verið staðið að unglingsabúðunum á Laugarvatni sl. sumar.

Klúbbaheimsóknir

Heimsóknir mínar í klúbbana eru nokkurn veginn á áætlun og hef ég undanfarið heimsótt klúbba suður með sjó og fyrir austan fjall. Eins og ég

vissi fyrirfram þá hafa þessar heim-sóknir verið mjög gefandi og skemmtilegar fyrir mig. Hvarvetna hefur mér verið vel tekið sem sýnir að í okkur öllum slær sama Lionshjartað. Ég vil koma hér fram þökkum fyrir góðar og hlýjar móttökur til þeirra klúbba sem ég hef heimsótt.

Lokaorð.

Nú er sá tími að margir klúbbar eru á fullu með sínar fjáraflanir og óska ég þeim góðs gengis í þeim. Einnig koma ýmsir hátíðarfundir svo sem jólafundir þar sem félagarnir gleðjast saman. Það er nefnilega gaman í Lions ef vel er á haldið.

Senn er starfsárið hálfnað, ýmsu hefur verið áorkað en margt virðist vera framundan sem eftir er að gera, en við verðum að halda siglingunni áfram.

Jólamánuðurinn er nú framundan og vil ég því færa ykkur öllum og fjölskyldum ykkar mínar bestu jóla- og nýársóskir með þökkum fyrir árið sem er að líða.

Viðtalið – Edda J. Briem:

Frá sjónarhóli nýliða

Liðsauki í Engey

Lionsklúbbnum Engey barst ánægjulegur liðsauki á síðasta ári. Í klúbbinn gengu tveir nýir félagar, tvíbúrasysturnar Guðrún og Halldóra Þorvaldsdætur. Til gamans má geta þess að þær systur eru dætur Þorvalds Þorsteinssonar sem var fyrsti Íslendingurinn sem tók sæti í alþjóðastjórn Lions og var einn af máttarstólpum Lions á Íslandi til fjölda ára. Systurnar voru strax skipaðar í nefndir og eru komnar af fullum krafti í starf klúbbsins.

Hvað gerði það að verkum að þið ákváðuð að ganga í klúbbinn?

Katrín Árnadóttir í Lkl. Engey hafði samband við okkur og bauð okkur á fyrirlestur Jóns Bjarna Þorsteinssonar um umdæmisstjóra og fjölum-dæmisstjóra fyrr og síðar og um íslenska alþjóðastjórnarmenn, þ.á.m. Þorvald föður okkar. Þetta var bæði fróðlegur og skemmtilegur fyrirlestur og hefur sennilega kveikt áhugann. Því næst bauð hún okkur á fund í Engey sem við þáðum með þökkum og reyndar urðu fundirnir tveir áður en við þáðum boð um að ganga í klúbbinn.



Systurnar Halldóra og Guðrún.

Hverjar voru væntingar ykkar til klúbbstarfsins og hefur það staðið undir væntingum?

Við vissum það í gegnum störf föður okkar í hreyfingunni að Lions lætur gott af sér leiða t.d. í mannúðarmenningar- og menntamálum og vissum nokkurn veginn fyrir hvað Lions stendur. Engey er með eitt stórt fjáröflunarverkefni, annað sem er smærri í sniðum og eitt vinnuverk-

efni. Við erum mjög sáttar við þetta en okkar vegna mættu þau vera fleiri.

Félagsskapurinn er góður; skemmtilegur og uppbyggilegur og okkur var vel tekið frá upphafi. Það tók okkur samt töluverðan tíma að finna okkur sem hluta af hópnum á þann hátt sem við gerum núna. En það sem máli skiptir er að taka fullan þátt í sem flestu, jafnt vinnu sem skemmtunum og það hófum við gert.

Stefán Skarphéðinsson, umdæmisstjóri 109B Leiðtogaskóli Lions

Það var ánægjulegt að fá tækifæri að vera við slit Leiðtogaskóla Lions 14. nóvember sl. í Mun-aðarnesi. Greinilegt var að þátttakendur voru mjög ánægðir og töldu sig hafa lært margt nýtt og sáu gagnsemi í náminu fyrir sig, sem nýttast mundi þeim í leik og starfi.



Stefán Skarphéðinsson.

dóttur og öllum kennurum sem leggja á sig mikið óeigingjarnt starf sem verður seint fullmetið.

Heimsóknir og fundir

Þó skylduheimsóknnum hafi verið létt af umdæmisstjórum er mælst til þess að klúbbar séu heimsóttir. Þetta eru ánægjuleg tilmæli

sem fylgir starfi umdæmisstjórans og sjálfsgagt að tillit til þeirra sé tekið. Heimsóknirnar eru mjög upplýsandi fyrir umdæmisstjórnann og vonandi tekst okkur að koma boðskap alþjóðaforseta á framfæri og svara þeim spurningum sem Lionsfélögum liggur á hjarta hverju sinni. Í þeim heimsóknnum sem ég hef lokið er ánægjulegt að sjá hve starf klúbba er fjölbreytilegt og eins að sjá hvað yfirbragð fundanna er margbreytilegt frá einum klúbbi til annars. Upplýsingar um margbreytileikann má einnig sjá í ársskýrslunni sem

nýlega er komin út. Einn er þó sá hængur á, að ekki skila allir klúbbar ársskýrslu þó vitað sé að þeir séu í fullu fjöri og ekkert að nema að skýrslu hefur ekki verið skilað. Gerum betur á næsta ári, allar skýrslur inn í ársskýrsluna.

Fjölgun

Mikil áhersla hefur veirið lögð á fjölgun klúbba og klúbbsfélaga. Alþjóðaforsetar hafa hafa verið með þetta á stefnuskrám sínum mörg undanfarin ár. Ég tel að við verðum að gera mikinn greinarmun á þessum tveimur áhersluþáttum. Sjálfsgagt eru mörg sóknarfæri í stofnun klúbba á nýjum svæðum og eins þar sem klúbbar hafa starfað áður. Mikið hefur verið reynt í þessa veru undanfarin ár og nýjasta dæmið um árangur er stofnun klúbbs á Skagaströnd og er þeim hér með óskað innilega til hamingju. Mikill áhugi er í báðum umdæmum fyrir stofnun nýrra klúbba og vilji og þolinmæði er það sem dugur.

Að halda nýjum og eldri félögum

Staðreyndin er sú að nýir félagar eru að koma í kúbbana um allt land, en útstreymið er meira en svo að hægt sé að halda í horfinu hvað þá heldur að ná fjölgun. Í mörgum klúbbum hefur verið farið í naflaskoðun til að komast að því hvað veldur og sjálfsgagt margar mismunandi niðurstöður. Ein ástæðan sem er sameiginleg mörgum niðurstöðum er sú, að þeir sem flytja burt af starfsvæði klúbbsins skila sér ekki í þá klúbba sem eru starfandi á nýjum dvalarstað viðkomandi. Þessu eigum við að breyta og þurfa félaganefndirnar að bretta upp ermarnar ásamt klúbbsstjórnunum. Þá þurfum við að heyra frá þeim sem hætt hafa hvort ekki sé kominn tími til að blandi geði við fyrrum féлага. Ég er sannfærður um að við þurfum ekki að bera kvíðboga fyrir framtíðinni því það er skemmtilegt að vera í Lions og starfið er gefandi í mörgum skilningi.

Að lokum óska ég öllum Lionsfélögum, fjölskyldum þeirra og öðrum landsmönnum gleðilegara jóla, árs og friðar.

Þór Steinarsson, Lkl. Fjörgyn, fulltrúi Íslands í stjórn NSR

Norræna samstarfsráðið NSR-AU

Í janúar 2005 verður haldinn samráðsfundur norrænu Lionshreyfingarinnar í Færeyjum, nánar tiltekið í Þórshöfn. Þing NSR eru haldin til skiptis í aðildarlöndunum og er röðin Danmörk, Finnland, Ísland, Svíþjóð og Noregur.

Stjórn NSR

Stjórn norræna samstarfsins er í höndum fjölumdæmisstjóra Norðurlandanna þ.e. Íslands, Danmerkur, Noregs, Svíþjóðar og Finnlands og halda þeir nokkra fundi á starfsárinu. Á alþjóðþingi í júní/júlí er fyrsti fundurinn, næsti fundur er í tengslum við Evrópuþing Lionshreyfingarinnar sem oftast er haldið í ágúst/september og í seinni hluta október er síðan aðal vinnufundurinn. Sá fundur hefur mörg undanfarin ár verið haldinn í Kaupmannahöfn og er ferðakostnaði á þann fund jafnað á milli landanna. Lokafundur fjölumdæmisstjóranna eru síðan haldnir í tengslum við samráðsfund norrænu Lionshreyfingarinnar þriðju helgina í janúar ár hvert.

Ráðgjafarnefnd NSR - AU

Stjórn NSR hefur sér til ráðgjafar sérstaka nefnd:

AU-hópin

(„AU = „arbejdsutskottet“).

Stjórn NSR getur falið þessari nefnd sérstök vinnuverkefni til úrlausnar. Föst verkefni nefndarinnar eru m.a. að fylgjast með fjármálum NSR og gera tillögu að fjárhagsáætlun, halda til haga fundargerðum funda fjölumdæmisstjóranna og NSR þinganna og fylgjast með undirbúningi og skipulagningu NSR þings. Fyrsta tilfallandi verkefnið var frágangur á breyttum starfsreglum NSR sem samþykktar voru í Svíþjóð 2003. Væntanlega verður AU-hópnum falið að gera úttekt á kostnaði við NSR þing á næsta starfsári. Bæði ferðakostnaði svo og gisti- og upphaldskostnaði.

Ákvörðun um skipan AU-hópsins var tekin á NSR þingi í Svíþjóð í janúar 2003. Hópurinn tók formlega til starfa í júlí 2003. Fyrsta NSR þing sem AU-hópurinn hafði afskipti af var í Noregi í janúar 2004.

Skipan ráðgjafarnefndarinnar

AU-hópurinn er skipaður einum fulltrúa frá hverju norrænu fjölumdæmanna. Fulltrúi Noregs er Arne

Huseby, fulltrúi Danmerkur Jörn Andersen, fulltrúi Finnlands Aulis Eskola, fulltrúi Svíþjóðar Kjell Jonsson og fulltrúi Íslands er Þór Steinarsson Lkl. Fjörgyn. Hver fulltrúi er valinn til 5 ára í senn og er einum fulltrúa skipt út á hverju ári og er það gert ári eftir að NSR þing er haldið í viðkomandi landi. Svíar völdu því nýjan fulltrúa, Kjell Jonsson, þegar NSR þinginu í Noregi lauk og Norðmenn munu velja fulltrúa fyrir sitt næsta fimm ára tímabil á vor mánuðum 2005.

Verkaskipting

AU-hópurinn skiptir með sér verkefnum. en föst regla er þó að fulltrúi þess lands sem heldur næsta NSR þing er ritari á fundum fjölumdæmisstjóranna og er hann samtímis formaður AU-hópsins. Einn tekur að sér eftirlit með fjármálum og undirbúning fjárhagsáætlunar. Þessi tvö ár

sem AU-hópurinn hefur starfað hefur það verið fulltrúi þess lands sem á að halda NSR þing tveimur árum síðar. Í ár er það t.d. finnski fulltrúinn því NSR þing í janúar 2006 verður haldið í Finnlandi.

Norska Lionsskrifstofan sér um fjármál NSR þ.e. rukkar inn samþykkt gjöld og greiðir útlagðan kostnað. Íslenska Lionsskrifstofan hefur tekið að sér að geyma skjalasafn NSR þ.e. fundargerðir NSR þinga, fundargerðir funda fjölumdæmisstjóra NSR o.fl.

Greinarhöfundur hefur tekið að sér að fylgjast með námstefnum á NSR þingunum í Noregi á þessu ári og í Færeyjum í janúar næstkomandi.

Taflan sýnir nokkur atriði varðandi hvar NSR þing hafa verið / verða haldin og hvaða land tekur að sér formennsku í AU eða umsjón með fjármálum NSR.

	Svíþjóð	Noregur	Danmörk	Finnland	Ísland
NSR þing	2003	2004	2005	2006	2007
Formennska í AU	2008	2004	2005	2006	2007
Fjármál í AU	2007	2008	2004	2005	2006
Nýr fulltrúi í AU	2004	2005	2006	2007	2008



Carl Jóhann Gränz, Lkl. Njarðvíkur Öflugt félagslíf



Við Markarfljótsgljúfur.

Vorferðin

Lagt var af stað úr Njarðvík með rútu á föstudagsmorgni. Ferðinni var heitið út á Reykjavíkflugvöll þar sem beið okkar þessi líka svakalega fína einkaþota (nei, nei, bara áætlunarvél), sem átti eftir að flytja okkur til Voga í Færeyjum. Þegar þangað var komið var farið með rútu til Hótel Færeyja í Þórshöfn. Að því loknu héldu sumir af stað að skoða bæinn og íbúana og um kvöldið kíktu margir á næturlífið sem Þórshöfn hafði upp á að bjóða.

Á laugardegnum nýttu allflestir sér skoðunarferð um Þinganesið undir leiðsögn Jóhönnu Traustadóttur en hún býr í Þórshöfn. Ferðin var afar skemmtileg og fræðandi, eftir það var ferðinni heitið upp á hótél þar sem liðið fór að gera sig klárt fyrir kvöldið. Lokafundurinn var svo haldinn í einum af hliðarsölum hótelsins þar sem fram fóru skemmtiatriði, stjórnskipti og borðhaldið en Eurovision átti hug margra sem

laumuðust öðru hverju niður á barinn til að kíkja á sjónvarpið til að sjá hvernig okkar manni gekk. Síðan var skemmt sér og sungið langt fram eftir nóttu.

Á sunnudeginum var farið í skoðunarferð um eina af eyjum Færeyja, stoppað á mörgum stöðum og bæir skoðaðir. Verulega gaman var að sjá suma bæina þar sem þeir virtust lítið sem ekkert hafa breyst í fleiri tugi ára.

Mánudaginn nýttu sumir í verslanaleiðangur en aðrir nutu áfram leiðsagnar Jóhönnu og héldu til Kirkjubæjar og enduðu síðan þá ferð í Norræna húsinu en þar reyndi Jóhanna að leiðbeina okkur um færayska þjóðdansa með misjöfnum árangri. Flogið var síðan heim á leið seinnipart mánudagsins. Þar með var skemmtilegri Færeyjarferð lokið og kunnnum við Jóhönnu Traustadóttur sérstakar þakkir fyrir frábæra leiðsögn í öllum skoðunarferðunum.



Bátalægi í einum bænum í Færeyjum.

Jeppaferðin

Lagt var af stað úr Njarðvík um tíu leytið á laugardagsmorgni. Haldið var beint til Hvolsvallar þar sem allir hittust og fengu sér í gogginn. Eftir matinn var lagt af stað inn Fljótshlíðina. Stoppað var og skoðað útsýnið í áttina að Þórsmörk og síðan farið áfram inn að Einhyrningi og inn að Markarfljótsgljúfrum. Áð var við gangnamannaskála og fengið sér smá nesti. Þá var farið inn á Syðri-Fjallabaksleið sem við fylgðum niður Langvíuhraun. Við fórum til baka yfir Rangá og yfir hjá Þríhyrningi og Vatnsdalsfjalli niður í Fljótshlíð hjá Tumastöðum. Þaðan fórum við sem leið lá til Hvolsvallar og komum okkur fyrir á Hótel Hvolsvelli þar sem

Mörg dæmi eru um að fólk gerist hreinlega áskrifendur að miðum til að geta örugglega verið með. Hagnaður af sölu miða hefur meðal annars verið nýttur í eftirfarandi verkefni:

- Litabækur til grunnskólabarna í Njarðvík um brunavarnir á heimilum frá Lionsklúbbnum Eik í Garðabæ.
- Styrkur til meðferðarheimilis fyrir unga fiknefnanotendur.
- Styrkur til kaupa á hjálpartækjum til hjúkrunarheimilis.
- Bingótölva til Félags eldri borgara. Síðan hafa félagsmenn alltaf stýrt spilakvöldum tvisvar í mánuði fyrir „heldri“ borgara í safnaðarheimili Ytri-Njarðvíkurkirkju.



Gamla kirkjan í Kirkjubæ í Færeyjum.

haldinn var smá hátíðarkvöldverður og svo lá leiðin heim á sunnudeginum.

Starfið í vetur

Nú er undirbúningur kominn á fullt fyrir hið árlega jólahappdrætti klúbbsins og búið að ganga frá vinningum þar sem nýr bíll er í aðalverðlaun. Færri fá miða en vilja þar sem einungis verða um 1100 miðar til sölu og alltaf er uppselt ár eftir ár.

Af því helsta sem fyrirhugað er í vetur má helst nefna sameiginlegan fund með Æsunum í janúar en þeir fundir hafa verið afar skemmtilegir og margir brandararnir látnir fjúka. Fyrirlesarar eru á ferðinni öðru hverju hjá okkur og einnig verður farið í heimsókn í fyrirtæki á Suðurnesjum, skemmtifundur á þorranum (herrakvöld), leikhúsförð og vorfundur annaðhvort innanlands eða utan.



Jóhanna Traustadóttir að kenna hópnum færayskan hringdans.



Pórhallur Arason, fyrrverandi umdæmisstjóri 109A Færeyjaferð Ægis



Það var glaður hópur félaga úr Ægi ásamt mökum, fullur eftirvæntingar, sem kominn var saman í flugafgreiðslunni á Reykjavík-urflugvelli föstudaginn 7. maí 2004 kl. 17.45. Halda skyldi til Færeyja.

Undirbúningur ferðarinnar hafði einkum hvílt á tveim félögum, þeim Ágústi Má Ármann og Eyþóri Ólafssyni, en báðir voru kunnugir staðhátum í Þórshöfn vegna viðskiptasambanda þar.

Ferðin í náttstað

Eftir einkar þægilegt þotuflug með Flugfélagi Færeyja, þar sem boðið var upp á afbragðs veitingar, var lent í Vogar eftir aðeins einnar klukkustundar og tuttugu mínútna flug. Hópfarðabíll ók óþnum í náttstað og var farið um jarðgöng sem liggja undir sjó milli Voga og Straumeyjar og komið til Hótel Færeyja eftir rúm-an klukkutíma akstur, en hótelið er staðsett í útjaðri Þórshafnar.

Laugardagur

Sagt er að veður séu oft váland í Færeyjum, en sú var ekki raunin þegar litið var út um hótelluggann morguninn eftir. Hótelið stendur í halla nokkru fyrir ofan bæinn og við blasti hið fegursta útsýni. Það var logn og blíða og sól skein í heiði. Marglit húsaröðin í Þórshöfn teygði sig meðfram sjónum sitt til hvorrar handar og myndaði þyrpingu neðst við höfnina. Síðan tók höfnin við og



Pórhallur Arason.

hafði svo langt sem augað eygði.

Skipulegur hrærigrautur

Við fórum í kynnisferð um Þórshöfn undir leiðsögn færeysks leiðsögumanns. Byrjuðum ofarlega í gamla bænum sem í raun er eins og einn hrærigrautur af þröngum götum og rangölum, tröppum og klöppum þar sem lágreist tjörguð timburhús með torfþaki eru allsstaðar sem hægt er að koma þeim fyrir og þarna í skipulagsleysinu og torfærunum virðist



Fararstjórinn Ágúst M. Ármann á góðri stundu.

hver fjölskuylda eiga hús út af fyrir sig, vel hirt og snyrtilegt og allir þessir krákustigar eru malbikaðir. Þórshöfn dregur nafn sitt af guðinum Þór úr norrænu goðafræðinni og við



Veisluborð hjá Eiríki Þórvaldssyni forstjóra Búnaðardepilsins.

erum stödd syðst á Straumey, stærstu eyjunni. Þarna býr þriðjungur íbúa Færeyja eða um það bil 16.000 manns.

Ævintýri á gönguför

Við höldum áfram göngunni og komum niður á klappirnar á Þingnesinu, þar sem þingið var háð til forna. Þarna er ævagamalt timburhús, Skansapakkhúsið, nú aðsetur landstjórnarinnar, en flest eru þessi hús frá 18. öld. Við endum skoðunarferðina í Norræna húsinu sem reist var árið 1983. Það er margfalt stærra en okkar hús í Reykjavík með stórum hljómleika- og samkomusal.

Stefnumót

Samband var haft við Lionsklúbb Þórshafnar áður en lagt var upp í ferðina og óskað eftir því að hitta þá félaga, en svo illa vildi til að framá-menn klúbbsins voru á Lionsþingi á

Suðurey þessa daga og óhægt um vik að fara þangað, löng sjóferð á báti. Þrátt fyrir þetta kom okkur skemmtilega á óvart að nokkrir félagar klúbbsins voru mættir í Norræna húsinu. Þeir buðu upp á veitingar og eftir að hafa skeggrætt við þá góða stund voru okkur afhentir bæklingar með fróðleik um Færeyjar. Þetta var kærkominn fundur og voru þessir félagar kvaddir með virktum.

Íslendingatengsl

Björn Guðmundsson, fyrrverandi alþjóðastjórnarmaður og félagi í Lkl. Kópavogs var starfsmaður Útflutningsmiðstöðvarinnar í Þórshöfn árin 1974-1976. Hann varð strax félagi í Lkl. Þórshafnar og var virkur félagi þessi tvö ár. Á sama tíma stofnaði hann tvo Lionsklúbba í eyjunum.

Mjólkursamlag Færeyja, L/F Meginfélag Búnaðarmanna - Búnaðardepillinn, skammstafað MBM, hefur aðsetur sitt í Kollafirði, en þangað er liðlega klukkutíma akstur frá Þórshöfn. Forstjóri samlagsins er Íslendingur að nafni Eiríkur Þórvaldsson, sem hefur búið þarna í ein 25 ár. Eiríkur var svo vinsamlegur að bjóða hópnum í heimsókn eftir hádegi á laugardeginum og tóku þau hjónin, hann og kona hans, á móti okkur með mikilli rausn. Þau buðu upp á „smakk“ af færeyskum viðskera (þ.e. skerpikjöt á rúgbrauði, grind og spik.) Þessu var skolað niður með færeskum bjór og dvöldum við þarna góða stund í góðu yfirlæti.

Lokasamkoma starfsárs

Um kvöldið fengum við sal til umráða á hótelinu og kl. 20.00 var lokafundur starfsársins settur að loknum kvöldverði og að viðstöddum eigin-konum. Eftir fundinn var slegið á



Hluti af ferðahópnum fyrir utan Norrænahúsið.

létta strengi þar sem félagar fluttu skemmtiefni sem góður rómur var gerður að. Að lokum tróð upp fær-eystur trúbador sem söng af hjartans lyst.

Kirkjusókn á sunnudegi

Sunnudaginn 9. maí var ákveðið að heimsækja Kirkjubæ, annan helsta staðinn á Suður-Straumey, hið forna biskupssetur Færeyja, sem er í 11 km fjarlægð frá Þórshöfn. Þar skoðuðum við gotneska kirkjutóft frá miðöldum, hlaðna úr færeysku blágrýti. Var hún aldrei fullgerð og veður og vindar um hana blásið um aldaðir. Sóknarkirkjan á staðnum er einnig frá miðöldum. Hún er hvít-kölkuð og voru miklar endurbætur gerðar á henni árið 1966. Altaristaflan er eftir færeyska málarann Sámal Joensen. Kirkjubær er konungsjörð

og langstærsta bújörð Færeyja. Paturssonsættin er þekkt fyrir langa búsetu þar og margir kannast við kóngsbóndann Jóhannes Patursson.

Einn Lionsmannanna sem við hittum í Norræna húsinu var ungur maður, kvikur í hreyfingum. Kvaðst hann menntaður á Íslandi og vera sóknarprestur í Kirkjubæ. Bauð hann okkur til messu á sunnudeginum og var nú gengið til kirkju. Þar áttum við friðsæla stund um leið og hlustað var á ræðu prestsins og söng kirkjugesta, því enginn var söngkórinn, heldur var meðhjálparinn, kóngsbóndinn á staðnum, forsöngvari og sat upp í kór kirkjunnar klæddur færeyska þjóðbúningnum.

Eftir hádegi var ekið til Austureyj- ar með leiðsögumanni. Ætlunin hafði verið að aka fjallveginn framhjá Eyði, Slættartindi, hæsta fjalli

Færeyja og til byggðarinnar Góv, en áætlunin breyttist vegna þoku og var ekið niður í Götuví, og að Götú, sem er allstór byggð og skiptist í þrjú þorp, en í því syðsta bjó Þrándur í Götú. Þarna heimsóttum við héraðs- safnið „Blásastofu“, sem hafði aðsetur sitt í tjörguðum bóndabæ með hvítum sökkli. Gaman var að skoða byggðasafnið og þessi fornu híbýli með amboðum, kistum og kyrnum, uppþunum lokrekjum, vöggu ásamt mörgu fleiru. Einnig var komið við í kirkjunni Götukirkju, sem er veglegt guðshús.

Annað stefnumót

Heimkomin aftur á hótelið var haldið niður í bæinn þar sem sest var að borðum á ágætu veitingahúsi. Þar birtist um síðir sá ágæti fararstjóri, Ágúst Ármann, ásamt Lionsmön-

um úr Þórshafnarklúbbum, en þeir höfðu strax við komuna frá Lionsþinginu haft samband við hann með ósk um að hitta okkur. Þessir ágætu menn borðuðu með okkur og áttum við með þeim ánægjulegt skilnaðar- hóf.

Vináttan og félagsandinn

Vert er að geta þess að allir vegir í Færeyjum eru malbikaðir og öll þau göng gegn um hæðir og fjöll sem við ókum um eru snyrtilega frágengin og örugg í akstri. Heimferðin gekk vel eins og öll ferðin. Ég er þeirrar skoðunar að svona ferð í lokin á starfsömu Lionsári geti verið heppi- leg tilbreyting í félagsstarfinu. Hún þjappar mönnum saman og gefur tækifæri til að efla vináttuna og félagsandann í samveru við ágætar eig- inkonur.

Jón Bjarni Þorsteinsson, alþjóðasamskiptastjóri

Marajaborpið í Eistlandi

Samstarfsverkefni Lions á Norðurlöndum

Undirritaður situr nú sem alþjóð-arsamskiptastjóri fyrir fjölmöldum 109 Ísland ásamt fjórum félögum mínum frá Norðurlöndunum, Danmörku, Svíþjóð, Noregi og Finnlandi.

Í októbermánuði héldum við fund í Eistlandi, þar sem við litum m.a. á upphaf byggingar NSR eða Norræna samstarfsráðsins, sem reisa á í Marajabæ sem er rétt fyrir utan Tartu í Eistlandi. Nú búa þar rúmlega 60 fjölfötluð börn í 350 m² húsi. Þar er þröngt en það er reynt að gera það besta sem hægt er fyrir börnin. Þeim er kennt þarna,

þetta er heimili þeirra og starfsmenn þarna sjá um líf þeirra og nám.

Lionshreyfingin á Norðurlöndun- um hefur ákveðið að styrkja þessa stofnun með því að koma upp 240 m² húsi sem hýsa á 10-12 af þessum börnum og unglungum. Þau eru á aldrinum frá 5 og upp í 16 ára.

Auk þess verður annað hús reist „Sænska húsið“. Lionsfélagar í Svíþjóð hafa sameinast um það og það verður jafnstórt og mun hýsa 10-12 börn.

Þá hafa 20-24 börn af þessum rúmlega 60 fengið nýtt húsnæði og verður því lokið í aprílmánuði 2005.



Hús Norrænu Lionshreyfingarinnar mun kosta 120 þúsund evrur, sem eru rúmar 10 milljónir íslenskra króna og fer söfnunin þannig fram að hver Lionsfélagi leggur að mörku- um árlega eina evru eða tæpar 90 kr. sem greiddar eru af félagsgjöldum okkar héraðs.

Gleðin sem skein í andliti þessa fólks sem þarna eiga að búa er ekki unnt að lýsa þegar athöfnin fór fram. Ánægja þeirra starfsmanna sem þarna voru, var mikil. Mér sýnist að samningar séu nú á lokastigi, starfs- fólk er vel menntað sem þarna sinnir störfum. Þetta er rekið af sjálfs- eignarfélagi sem ríkið styður með beinum fjárframlögum sem duga fyrir launum og rekstri íbúðarhússins.

Gamla húsið verður einnig endur-

nýjað fyrir sumarið og þar geta þá búið þeir sem eftir eru.

Sjá myndir af umhverfinu, bygg- ingarstæði fyrir húsið og hvernig er byrjað að reisa það.

Að lokum vil ég endurtaka orðin sem framkvæmdastjóri heimilisins sagði við opunarhátíðina.

„Ef ekki hefði fengist stuð- ingur frá Lionshreyfingunni væri framtíð okkar miklu dekkri. Nú sjáum við ljós í myrkri. Við þökkum ykkur öll- um fyrir stuðninginn, fyrir þetta mannúðarverk og von- umst til að eiga góða samvinnu við ykkur í framtíðinni. Skilið kveðjum og þakklæti frá okkur hér til félaga ykkar.“

Pétur Már Jónsson, Lkl. Víðarri

Stór áfangi í hjartavernd

Afhending búnaðar að verðmæti 13.7 milljónir króna



Svipmyndir frá afhendingu búnaðarins.

Landspítali-Háskólasjúkrahús

Þann 25. október afhentu Lionsfélagar Landsspítala - Háskólasjúkrahúsi nýjan búnað til greiningar og meðferðar á hjartsláttartruflunum. Fjölmenni var við afhendinguna, bæði mikið af Lionsfólki, starfsfólk LSH og Austurbakka og fleiri aðilar. Þá var einn forstjóra Johnson & Johnson, Denis Robson, viðstaddur afhendinguna. Alþjóðaforseti, Clement F. Kusiak, hafði áður skoðað búnaðinn í heimsókn sinni til landsins. Eftir afhendinguna sem fram fór í húsnæði LSH, bauð Austurbakki upp á veitingar í húsnæði Kaffi Reykjavíkur við Vesturgötu.

Upphafið

Upphaflega vaknaði áhugi félaga í Lionsklúbbnum Víðarri á þessu verkefni fyrir nokkrum árum, en svo vildi til að einn félaga þeirra var orðinn mjög illa hrjáður vegna óreglulegs hjartsláttar. Í Víðarri er einnig lækni sem starfar á LSH, og er eitt verkefna hans einmitt að kljást við slíkar truflanir. Búnaðurinn sem nú var afhendur var keyptur af Austurbakka hf. eftir að leitað hafði verið tilboða í hann og leysir hann eldri búnað af hólmi. Við afhendinguna lýsti Gizur Gottskálksson, félagi í Lkl. Víðarri og lækni búnaðinum og gerði grein fyrir því hvernig hann virkar. Annar hluti búnaðarins verður fjármagnaður sérstaklega af Jónínusjóði, - minningarsjóði um Pálma heitinn Jónsson - sem veitti til þeirra kaupa 200.000 dollara.



Svipmyndir frá afhendingu búnaðarins.

Fjármögnun

Heildarkostnaður búnaðarins sem nú var afhentur var um kr. 13,7M og var hann fjármagnaður m.a. með framlögum frá Lionshreyfingunni. Þar af komu um kr. 4,7M úr Alþjóðahjálparsjóði Lions (LCIF) og kr. 5,7M frá 18 Lionsklúbbum, en af þeim komu stærstu framlögin frá Lionsklúbbunum Frey og Víðarri. Einnig fékkst nokkuð framlag úr söfnun Rauðu fjarðarinnar. Þá veittu Landsamtök hjartasjúklinga og svæðissamtök þeirra svo og Vátryggingafélag Íslands myndarlegan styrk til verkefnsins. Þá nutu Víðarrsmenn góðrar hjálpar forsvarsmanna í íslensku Lionshreyfingunni, og að öðrum ólöstuðum skal þar Jón Bjarni Þorsteinsson sérstaklega nefndur.

Framkvæmdarnefndin

Víðarrsmenn settu á fót sérstaka nefnd undir forystu Guðmundar

Bjarnasonar til að sinna þessu verkefni og það voru glaðir Lionsmenn sem afhentu búnaðinn. Innifalið í gjöfinni var uppsetning tækisins og hjálfun starfsfólks. Þegar þetta birtist verða fyrstu sjúklingarnir í meðhöndlun í tækinu, en starfsfólk LSH mun í fyrstu njóta leiðsagnar sérfræðinga frá framleiðendum tækisins.

Margir lögðu lið

Allt hefur þetta tekist með góðri aðstoð margra aðila. Félagar í Víðarri skrifuðu öllum Lionsklúbbum landsins og buðu þeim að vera með sér í þessu verkefni. Undirtektir klúbbanna voru mjög góðar og alls standa 18 klúbbar að þessu með Víðarri. Fyrir það er félögum allra þessarra klúbba þakkað. Það var líka

Hér á eftir er upptalning á þeim aðilum sem styrktu verkefnið:

Alþjóðahjálparsjóður Lionshreyfingarinnar

Lionsklúbburnir Víðarr og Freyr Lionshreyfingin (Rauða fjöðrin)

Landssamtök hjartasjúklinga og svæðissamtök þeirra og raunar önnur tengd samtök, en þau eru:

Minningar- og styrktarsjóður hjarta-

sjúklinga, Félag hjartasjúklinga á

Reykjavíkursvæðinu, Félag hjarta-

sjúklinga á Vesturlandi, Félag hjarta-

sjúklinga á Norðurlandi -

vestra, Félag hjartasjúklinga á

Eyjafjarðarsvæðinu, Félag hjarta-

sjúklinga á Austurlandi, Félag hjarta-

sjúklinga á Suðurlandi, Félag hjarta-

sjúklinga á Suðurnesjum, Félag hjarta-

sjúklinga Vestmanna-

eyjum, Neistinn, styrktarfélag

hjartveikra barna, Framtíðin (Ár-

sæll Magnússon Akureyri)

Vátryggingafélag Íslands hf.

Lkl. Ásbjörn, Lkl. Bessastaða-

hrepps, Lkl. Björk, Lkl. Borgar-

ness, Lkl. Dalvíkur, Lkl. Djúpa-

vogs, Lkl. Eir, Lkl. Garðabæjar,

Lkl. Húsavíkur, Lkl. Kaldá, Lkl.

Keilir, Lkl. Kópavogs, Lkl. Pat-

reksfjarðar, Lkl. Seyðisfjarðar, Lkl.

Sunna, Lkl. Þernan og Kb banki hf.

Víðarrsfélagar vilja þakka öllum

sem stutt hafa þetta verkefni á einn

eða annan hátt. Við erum þess full-

vissir að þetta framtak verði ís-

lensku Lionshreyfingunni til sóma

og framdráttar og muni vekja góða

athygli á henni. Þetta sýnir líka

hverju við getum áorkað ef við leggj-

um okkur fram. Án sameiginlegs

átaks margra hefði þetta ekki tekist.



Frá vinstri: Árni Þór Árnason, framkvæmdastjóri Austurbakka, Jóhannes M Gunnarsson framkvæmdastjóri Lækninga LSH, Gizur Gottskálksson, lækni og félagi í Víðarri og Denis Robson, framkvæmdastjóri frá Johnson & Johnson.



Hrund Hjaltadóttir, fræðslustjóri MD 109



Leiðtogaskóli Lions á Íslandi – skólaslit –



Fremsta röð frá vinstri: Kristinn Hannesson kennari, Guðrún Yngvadóttir kennari, Grund Hjaltadóttir kennari, Jón Bjarni Þorsteinsson fulltrúi alþjóðastjórnar, Þór Steinarsson kennari, Valdimar Jónsson kennari.

Röð 2: Stefán Skarphéðinsson umdæmisstjóri 109 B, Þórunn Ingólfsdóttir Lkl. Emblu, Kristín Þorfinnsdóttir Lkl. Emblu, Kolbrún Sigurðardóttir Lkl. Æsu, Ingibjörg Bjarnadóttir Lkl. Æsu, Rannveig Gardarsdóttir Lkl. Æsu, Sigrún Stefánsdóttir Lkl. Fold.

Röð 3: Þórunn Gestsdóttir fjölumæmisstjóri, Guðjón Þorvaldsson Lkl. Hafnarfjarðar, Gissur Kristjánsson Lkl. Hafnarfjarðar, Sighvatur Blöndal Lkl. Nirði, Hallbjörn Kristinsson Lkl. Keili, Sigurður Einarsson Lkl. Mosfellsbæjar, Carl J. Granz Lkl. Njarðvíkur, Ingimundur Sverrisson Lkl. Patreksfjarðar, Halldór Ólafsson Lkl. Skagastrandar, Svanur Ingimundarson Lkl. Fjörgyn, Geir Hauksson umdæmisstjóri 109 A.

Röð 4: Sigmar Steingrímsson Lkl. Fjörgyn, Steinar Ragnarsson Lkl. Borgarness, Hrafn Stefánsson Lkl. Mosfellsbæjar, Lúðvík Vilhelmsson Lkl. Blönduóss, Kjartan Kjartansson Lkl. Tý, Guðjón Gunnarsson Reykhóladeild Lkl. Búðardals, Sigurður Þorgeirsson Lkl. Seyðisfjarðar, Vignir Guðmundsson Lkl. Patreksfjarðar.

Dagana 23.-24. okt. og 13.-14. nóv. 2004 var Leiðtogaskóli Lions haldinn í fimmta sinn. Báðar þessar helgar hittust hressir og kátir Lionsfélagar úr 18 klúbbum alls staðar af á landinu í Munaðarnesi. Nemendur voru fullir eftirvæntingar, komnir til að auka þekkingu sína og efla sig í Lionsstarfinu en ekki síður til að kynna öðrum Lionsfélögum.

Markmiðið með þessari fræðslu er að sjálfsögðu að styrkja og bæta Lionsstarfið. Þar reynum við að kenna árangursríkar aðferðir við að stjórna og skipuleggja starfið í klúbb-



unum og í umdæmunum. Við gefum fólkinu tækifæri á að kynna nýjum „verkfærum“ til að vinna með og kynna betur eigin hæfileikum. Báðar helgarnar er farið í gegnum námsefni eins og t.d.:

- Leiðtogastílar og stjórnunaraðferðir
- Virkur leiðtogi
- Stjórnun breytinga
- Samskiptastílar
- Öflugt hópstarf
- Fundarsköp
- Uppbygging ræðu
- Framtíðarsýn o.fl.

Að þessu sinnu unnum við út frá markmiðum alþjóðastjóra sem eru:

„Veitum öðrum hlutdeild í árangri okkar“

Það gerðum við meðal annars með því að kynna þátttakendum stefnu alþjóðastjóra og úthluta heimaverkefnum út frá henni. Heimaverkefni eru unnin sem hópverkefni (teymisvinna) og notuð nemendur ýmsar aðferðir við að vinna hópverkefni. Sumir hópar áttu erfiðara með að hittast en aðrir sökuðum vegalengda en notuðu þá nútíma upplýsingatækni. Allir hóparnir skiluðu frábærum heimaverkefnum. Í þeim komu fram nokkrar nýjar hugmyndir og eru þær vel þess virði að þeim verði komið á framfæri við alþjóðastjórn.

Sunnudaginn 14. nóvember voru 23 nemendur síðan útskrifaðir við hátiðlega athöfn og fengu skírteini til staðfestingar námi sínu. Það var samdóma álit nemenda og kennara að vel hefði tekist til að þessu sinni eins og reyndar í öll hin fjögur skiptin og allir héldu þreyttir en ánægðir hver til síns heima.

Laugardaginn 12. febrúar nk. verður síðan haldið sjálfstætt framhaldsnámskeið sem við köllum „Enn meiri leiðtogi“ í Lionsheimilinu við Sóltnú og er það ætlað öllum Lionsfélögum, sérstaklega þeim sem hafa farið í gegnum Leiðtogaskólann í Munaðarnesi.



Ingunn Gísladóttir, Lkl. Eik

Opinnfundur Eikar

Opinn fundur Lkl. Eikar í október sl. tókst mjög vel. Þar var kynnt starfsemi Lions og klúbbsins okkar og flutt annað efni til fróðleiks og skemmtunar.

Margrét Jónsdóttir dr. í spænsku og bókmenntum flutti okkur sögu Spánar. Var það mikill fróðleikur fluttur á mjög skemmtilegan og líflegan hátt, þannig að sumum félögum fannst eins og þeir væru þátttakendur á sviðinu.

Fjöllumdæmisstjóri, Þórunn Gestsdóttir, kom í heimsókn og hvatti okkur með ávarpi sínu. Hún benti okkur á að árið 1925 sló Helen Keller Lionsmenn til riddara með áskorun sinni á þá að vinna gegn blindu.

Laufey Jóhannsdóttir fv. fjöllumdæmisstjóri og núverandi útbreiðslustjóri kvenna, félagi í Lkl. Eik, rifjaði upp 20 ára feril sinn í Lions. Vakti flutningur hennar mikinn fögnuð áheyranda, enda staldraði hún við hina ótrúlegustu viðburði innan

klúbbsins og sagði okkur frá öðrum úr fjöllumdæmis- og alþjóðastarfinu. Lagði hún áherslu á að það væri svo „gaman saman“. Laufey var fyrsta konan utan Bandaríkjanna til að gegna starfi fjöllumdæmisstjóra.

Guðrún B. Yngvadóttir fv. fræðslustjóri Lions á Íslandi, skólastjóri Lionsskólans á Íslandi og félagi í Lkl. Eik flutti okkur erindið „Konur í Lions“. Hún benti líka á Helen Keller sem áhrifavald á Lionsmenn á sínum tíma, því þetta verkefni er enn í



dag eitt af helstu alþjóðaverkefnum Lions. Sagði hún okkur að gæðamarkmið Lions væri að fjölga konum í hreyfingunni en aðeins 17% Lionsfélaga í heiminum eru konur, 24% á Íslandi. Sagði hún okkur frá og vitnaði í ýmsar kannanir sem hún hefur tekið þátt í og var það mikill fróðleikur fyrir viðstadda. Guðrún hefur flutt fyrirlestra á alþjóðavettvangi Lions.

Nokkrir gestir sátu fundinn og gerðu að honum góðan róm. Mesta ánægju vekur þó árangur fundarins, en þrír af gestunum voru bornir upp á nóvemberfundi Eikar sem væntanlegir félagar.

Næsti fundur Lkl. Eikar er jólafundurinn okkar, 21. desember.

Kristján Helgason, Lkl. Ólafsvíkur

Minning Hörður Sigurvínsson



Þann 19 ágúst sl. lést á Krít Hörður Sigurvínsson fyrsti formaður Lionsklúbbs Ólafsvíkur. Hjöddi, eins og hann var alltaf kallaður, var einn af frumkvöðlum að stofnun klúbbsins. Reyndi það verulega á hann, því þá voru þessi félagasamtök ekki svo kunn sem síðar varð. Þá þurfti oft að leita leiða til framgangs í starfi. Allt þetta leysti Hjöddi vel af hendi. Frumberskan í Lionsklúbbum var oft sköndin, mistök, mismæli og misskilningur ásamt óhefðbundnum fundarsköpum voru leyst með hlátri og gríni og alltaf var Hjöddi þar fremstur í flokki.

En öllu gríni fylgir nokkur alvara, enda tókum við síðareglur Lions og markmið alvarlega og við

settum okkur okkar reglur í klúbbum t.d. að við kæmum alltaf snyrtilega klæddir og með hálsbindi á fundi, og með Lionsmerkið og var sekt við því ef útaf var brugðið. Fyrstu verkefni voru að rífa gamla skemmu og fara í róður á bátum Harðar og ekkert þurfti að greiða fyrir það. Á fyrstu fundum okkar var farið að huga að stofnskrárhátíðinni og voru fjörugar umræður um þá hátið m.a. hvernig félagar ættu að vera klæddir. Kom þá til umræðu að félagar keyptu sér flott föt, eins og við höfðum séð í



blöðum frá stórveislum þar sem glansaði á jakkakragana og um mittið var einhverskonar borði (smóking) og svo hin fötin þar sem jakkinn lafði niður í stél (kjölföt). Hjöddi lét í ljós sína skoðun eins og aðrir og sagði að hann vildi „skottlaus kjölföt“ og var mikill hlátur þá meðal félaganna og hló Hjöddi hæst og lengst þegar hann áttaði sig á því sem hann hafði sagt.

Smóking var niðurstaðan. Það var glæsilegur hópur 38 Lionsmanna sem hélt stofnskrárhátíð í Röstinni, Hellisandi 19. maí 1973 allir í

smóking. Hjöddi starfaði í mörgum nefndum meðan hann var í klúbbum og leysti þau störf vel af hendi og var formaður fyrir mörgum þeirra. Hjöddi var kvæntur Höllu Eyjólfsdóttur sem lést 5. maí sl. Þau eignuðust 5 börn.

Hjöddi flutti með fjölskyldu sinni til Reykjavíkur 1989 og hætti þá í klúbbum.

Nú þegar samferðinni er lokið í bili, viljum við kveðja og þakka Herði fyrir samveruna í Lionsklúbbi Ólafsvíkur og fyrstu berskuárin í klúbbum.

Við vottum börnum hans, tengdadóttur, barnabörnum og öðrum aðstandendum okkar dýpstu samúð.

Karl Valur Karlsson

Þann 1 september sl. lést á Sjúkrahúsi Akraness Karl Valur Karlsson.

Kalli Valli eins og hann var alltaf kallaður var einn af stofnfélögum Lionsklúbbs Ólafsvíkur. Hann var mjög virkur félagi meðan hans naut við t.d. var hann varaformaður 1984-85 og formaður 1985-1986. Þá gegndi hann mörgum nefndarstörfum og var oftast en ekki formaður þeirra.

Það geislaði frá honum gleði og ánægja í hvert sinn sem hann mætti á fundum og kunni hann frá mörgu skemmtilegu að segja.

26 ára 100% mætingu skilaði hann frá sér áður en hann fór að vinna hjá Fiskistofu, en þá voru vinnustaðirnir vítt og breitt um landið og var þá óhægt um vik til fundarsetu, svo hann vildi heldur hætta í klúbbum en að draga niður mætingaprósenta og geta ekki sinnt skyldum sínum við klúbbin.

Hann sótti tvö umdæmisþing 1977 á Húsavík sem viðtakandi formaður



og 1985 á Egilstöðum, þá sem ritari.

Við félagarnir í klúbbum horfum nú eftir enn einum stofnfélaga okkar yfir móðuna miklu. Það væri margt hægt að rifja upp skemmtilegt sem skeði í samskiptum vil Kalla Valli í klúbbum sem ekki verður gert nú.

Ég vil fyrir hönd félaga minna í klúbbum þakka honum fyrir allt það sem hann hefur gert fyrir klúbbin og okkur á meðan

hann var með okkur. Ég vil geta þess hér að Kalli Valli og Hörður voru systkinasynir og góðir vinir og nú hittast þeir á öðrum stað og halda áfram að vera saman eins og þeir voru hér í Ólafsvík.

Kalli Valli var kvæntur Önnu Elísabetu Oliversdóttur og áttu þau 4 börn.

Önnu, börnum, tengdabörnum, barnabörnum og öðrum aðstandendum vottum við okkar dýpstu samúð. Vertu sæll kæri vinur og félagi.



Óskum viðskiptavinum okkar og öllu Lionsfólki gleðilegra jóla og farsæls komandi árs



Einar Farestveit og co.
Borgartúni 28, Reykjavík



Óskum viðskiptavinum okkar og öllu Lionsfólki gleðilegra jóla og farsæls komandi árs



Plúsferðir ehf.



Óskum viðskiptavinum okkar og öllu Lionsfólki gleðilegra jóla og farsæls komandi árs



Verðlistinn við Laugalæk



Óskum viðskiptavinum okkar og öllu Lionsfólki gleðilegra jóla og farsæls komandi árs



galleri sautján



Óskum viðskiptavinum okkar og öllu Lionsfólki gleðilegra jóla og farsæls komandi árs




GÁMAÞJÓNUSTAN HF.
BÆTT UMHVERFI - BETRI FRAMTÍÐ



Óskum viðskiptavinum okkar og öllu Lionsfólki gleðilegra jóla og farsæls komandi árs



EIGNAMIDLUNIN ehf
S Í Þ U M Æ L A 2 1



Óskum viðskiptavinum okkar og öllu Lionsfólki gleðilegra jóla og farsæls komandi árs




STEYPUSTÖÐIN



Óskum viðskiptavinum okkar og öllu Lionsfólki gleðilegra jóla og farsæls komandi árs



EFNALAUGIN
BJÖRG



Óskum viðskiptavinum okkar og öllu Lionsfólki gleðilegra jóla og farsæls komandi árs




VÁTRYGGINGAFÉLAG ÍSLANDS HF.
- þar sem tryggingar snúast um fólk



Óskum viðskiptavinum okkar og öllu Lionsfólki gleðilegra jóla og farsæls komandi árs




TRYGGINGAMÍÐSTÖÐIN
þegar mest á reynir!

Draumar í dós

Framtíðarsjóður Sparisjóðsins



INNIBALDLSÝSING:

Verðtryggður sparireikningur / bundinn til 18 ára / ber hæstu innlánsvætti á hverjum tína / engin gjöld / engin lígnaðsupphæð á hreðingun / hægt að senja um reglubundins sparnað

NOTKUNARLEIÐBEININGAR:

Láttu þig dreyma / opnaðu dóðina varlega / virktu á innihaldslíð / blóðu í nokkur ár / láttu draumina rætast!

BEST FYRIR:

Stelpur og stráka 0-15 ára

Framtíðarsjóður Sparisjóðsins

Gefðu barninu þínu tækifæri til að láta drauma sína rætast. Framtíðarsjóður Sparisjóðsins er sparireikningur fyrir börn, verðtryggður til 18 ára aldurs á hæstu innlánsvöxtum. Framtíðarsjóðsreikningur er fyrirtaks jólagjöf til barna frá foreldrum, ættingjum og vínnum. Gjafabréfið færðu hjá okkur í skemmtilegri dós sem er full af spennandi framtíðardraumum.

Komdu í næsta Sparisjóð eða kynntu þér málið á spar.is



SPARISJÓÐURINN

– fyrir þig og þína